



Ársskýrsla 2009



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Ísafjörður - Mývatn - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar

UMHVERFISSTOFNUN ÁRSSKÝRSLA 2009

EFNISYFIRLIT

4.....	FRÁ FORSTJÓRA
7.....	STEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR
8.....	STARFSMANNAMÁL
9.....	HLUTVERK UMHVERFISSTOFNUNAR
14.....	LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA
20.....	HEILSUSKADLEG EFNI OG ÚRGANGUR
28.....	UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL
34.....	VERND, VIÐHALD, ENDURHEIMT OG NÝTING NÁTTÚRU ÍSLANDS
46.....	VILLTIR DÝRASTOFNAR
52.....	ÚTIVIST OG BÆTT LÝÐHEILSA LANDSMANNA
58.....	MÁLEFNI HAFS OG VATNS
66.....	ÚRGANGUR OG ENDURVINNSLA
72.....	STJÓRNSÝSLA
80.....	UMHVERFISMERKINGAR
82.....	FJÁRMÁL OG REKSTUR



© UMHVERFISSTOFNUN 2010

Ritstjórn: Áki Ármann Jónsson og Kristinn Már Ársælsson

Ljósmyndir:

Áki Ármann Jónsson

Christopher Lund

Gísli Dúa

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Hans H. Hansen

Harpa Hrund Bjarnadóttir

Jón Einar Jónsson

Kristinn Már Ársælsson

Sigurður Aðalsteinsson

Snævarr Guðmundsson

Völundur Jónsson

Hönnun og umbrot: Einar Guðmann

Súlu- og kökurit: Völundur Jónsson

Ljósmynd á forsiðu: Christopher Lund

Prentun: Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja

Útgáfunúmer: UST-2010:03

Mars 2010



FRÁ FORSTJÓRA

Umhverfisgæði og náttúruauðlindir

Umhverfisstofnun þarf að gegna víðtæku hlutverki við verndun umhverfisgæða og náttúruauðlinda. Stofnunin hefur á síðustu árum styrkt innviði sína svo hún geti orðið sá öflugi bakhjarl sem umhverfið

þarfnast. Mikilvægt er að hún verði öflug stofnun sem hefur þann slagkraft sem þarf til þess að byggja upp sjálfbært samfélag.

Aukinn hljómgrunnur er fyrir nýjum áherslum nú eftir efnahagshrunið, þar á meðal svokölluðu grænu hagkerfi. En hvað er grænt hagkerfi? Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna skilgreindi hugtakið á fundi sínum á Balí árið 2010: grænt hagkerfi er kerfi efnahagslegra ákvarðana um framleiðslu, dreifingu og notkun á vöru og þjónustu, sem til langs tíma leiðir af sér bætt lífskjör fyrir fólk án þess að ganga á náttúruauðlindir og umhverfisgæði kynslóða framtíðarinnar. Flestir eru sammála um að nauðsynlegt sé að breyta hagkerfinu í kjölfar efnahagshrunsins. Við verðum að færa okkur í átt að grænu hagkerfi. Fjölga þarf grænum störfum og nýta betur auðlindir m.a. með endurnýtingu og endurnotkun úrgangs. Nauðsynlegt er að byggja á umhverfshagtolum um t.a.m. náttúruauðlindir. Skattastefnan þarf að vera græn með mengunarbóta- og nytjagreiðsluregluna að leiðarljósi.

Þau verkfæri sem við hjá Umhverfisstofnun notum í dag til að efla hið græna hagkerfi eru m.a. vistvæn innkaup, græn nýsköpun og aukin áhersla á umhverfismerki. Umhverfisstofnun hefur unnið í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð og Ríkiskaup að því að virkja það afl sem býr í innkaupum ríkisins til þess að minnka neikvæð umhverfisáhrif opinberra innkaupa og auka græna nýsköpun meðal íslenskra fyrirtækja. Ljóst er að á þessu sviði eru miklir möguleikar til vaxtar. Umhverfisstofnun hyggst verða leiðandi meðal ríkisstofnana í vistvænum rekstri. Á árinu skipti Umhverfisstofnun út tveimur bensínbílum fyrir annars vegar tvinnbíl og hins vegar metanbíl. Einnig skipti Umhverfisstofnun út stórum bensínbíl fyrir rafmagnsvespu! Allt sorp er flokkað hjá stofnuninni og því komið til endurvinnslu. Við erum tilbúin til þess að miðla af okkar reynslu.

Vinna við friðlýsingar svæða gekk vel en samtals voru átta ný svæði friðuð á árinu. Mikil umræða hefur verið um gildi samráðs bæði við gerð náttúruverndaráætlunar og við vinnu við friðlýsingar. Brugðist var við þessum ábendingum og vinna lögð í að gera nýja verkferla með samráð að leiðarljósi. Lykilorðið í vinnu við friðlýsingar er samráð. En hvað er samráð? Í mínum huga er samráð þegar allir aðilar koma að borðinu tilbúnir til að skiptast á reynslu og skoðunum með það að markmiði að komast að upplýstri og skynsamlegri niðurstöðu.

Mikilvægt er að friðlýstum svæðum sé sinnt með viðunandi hætti. Mikið var gert á síðasta ári til þess að auka fræðslu um friðlýst svæði á Íslandi. Gefinn var út fjöldi upplýsingarita, fræðsluefni á veraldarvefnum aukið, unnið að reglubundnu viðhaldi t.a.m. með gerð stíga, svæðum sem eru undir álagi lokað eða ferðamönnum beint annað. Sérstök áhersla var lögð á merkingar og upplýsingagjöf á friðlýstum svæðum. Unnið var að gerð handbókar um merkingar á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum í samstarfi við Vatnajökulspjóðgarð, Ferðamálastofu og Þingvallapjóðgarð.

Umhverfisstofnun vinnur í samræmi við stefnu stofnunarinnar fyrir árin 2008-2012. Stefnan skiptist í tíu markmið sem byggja á stefnu umhverfisráðherra og lögbundnum verkefnum stofnunarinnar. Ársáætlun er gerð fyrir hvert ár til að tryggja að markvisst sé unnið í samræmi við stefnuna. Áætlunin er síðan samþykkt af umhverfisráðuneytinu.

Á árinu var í fyrsta sinn unnið í samræmi við nýja útfærslu á ársáætlun stofnunarinnar og má segja að reynslan af verklaginu hafi verið góð. Ársáætlun Umhverfisstofnunar hefur að geyma verkefnaáætlun stofnunarinnar og rekstraráætlun, auk áherslumála ársins. Ársáætlun er gott verkfæri til að forgangsraða verkefnum og tengja þannig saman með skýrum hætti verkefni stofnunarinnar við þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru.

Starfsemi Umhverfisstofnunar er nú rekin á sjö föstum starfsstöðvum auk þess sem okkar starfsmenn eru út um allt land að sinna friðlýstum svæðum yfir sumartímann. Þessi staðreynd felur í sér áskoranir en jafnframt tækifæri. Ég vil leggja áherslu á að Umhverfisstofnun er stofnun allra landsmanna og þjónar landinu öllu og því er það mikilvægt að hún hafi starfsstöðvar út um allt land. Ég hef hug á að efla starfsemina enn frekar úti á landi og stefnt er að því að öll störf sem í boði eru hjá stofnuninni verði auglýst án staðsetningar, þ.e. ekki skipti máli hvar á framangreindum sjö starfsstöðvum Umhverfisstofnunar starfsmenn séu staðsettir. Öll störf hjá Umhverfisstofnun eru græn störf.


Umhverfisstofnun ætlar sér að leika lykilhlutverk í hinu nýja græna hagkerfi á komandi árum. Vegferðin til sjálfbærs samfélags byggist á virðingu fyrir umhverfisgæðum og náttúruauðlindum.

mars 2010

Kristín Linda Árnadóttir

SKIPURIT UMHVERFISSTOFNUNAR

Starfsemi Umhverfisstofnunar grundvallast á skipuriti sem tók gildi í byrjun árs 2008. Umhverfisstofnun skiptist í fimm svið auk yfirstjórnar. Þrjú sviðanna eru þverfagleg og vinna náið með sviðum umhverfsgæða og náttúruauðlinda. Hvert svið fyrir sig er sjálfstætt og heyrir beint undir forstjóra en sviðsstjórar starfa náið saman að því að sinna verkefnum stofnunarinnar.



STEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR

Umhverfisstofnun hefur sett sér stefnu til fimm ára. Sett eru tíu markmið sem stofnunin mun leggja áherslu á. Markmiðin endurspeglar stefnu og hlutverk stofnunarinnar og gefa um leið vísbendingu um þau málefni sem nauðsynlegt er að unnið sé að á næstu árum. Í ársskýrslunni er farið yfir markmiðin og þá vinnu sem unnin var til að ná þeim.

Markmið Umhverfisstofnunar 2008-2012:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.
- Draga úr losun heilsuskaðlegra efna og efna sem eru hættuleg umhverfinu.
- Gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenningi og hagsmunaaðilum og gera þeim þannig kleift að hafa áhrif á umhverfi sitt.
- Vinna að vernd, viðhaldi, endurheimt og nýtingu þeirra auðlinda sem felast í náttúru Íslands með sjónarmið um líffræðilega fjölbreytni, varðveislu jarðmyndana og landslagsheilda að leiðarljósi.
- Stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu villtra dýrastofna.
- Kynna rétt almenningi til að njóta útivistar í náttúrunni og bæta þannig og tryggja lýðheilsu landsmanna.
- Beita vistkerfisnálgun við heildstæða stjórnun á umhverfi í vatni og hafi.
- Draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans.
- Stjórnsýsla stofnunarinnar verði skýr og skilvirk.
- Umhverfismerkingar leiði innkaup almenningi og fyrirtækja.

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

- Forstjóri
- Ársáætlun
- Sérverkefni
- Mannauður
- Starfsmannamál

SVIÐ NÁTTÚRUAUÐLINDA

- skiptist í tvær deildir:
- Deild náttúruverndar**
- Skipulagsmál
 - Verndaráætlanir
 - Náttúruverndaráætlun
 - Mat á umhverfisáhrifum
 - Eftirlit með framkvæmdum
 - Umsjón náttúruverndarsvæða
 - Sjálfbóðaliðastörf í náttúruvernd
- Deild lífríkis og veiðistjórnunar**
- CITES
 - Dýravernd
 - Votlendisbókhald
 - Stjórnun veiðistofna
 - Erfðabreyttar lífverur
 - Veiðikort og veiðitölur
 - Líffræðilegur fjölbreytileiki

SVIÐ UMHVERFISGÆÐA

- skiptist í tvær deildir:
- Deild Hollustuverndar**
- Hljóðvist
 - Jarðvegsvand
 - Efni og efnavörur
 - Meðhöndlun úrgangs
 - Hollustuhættir og öryggismál
- Deild Umhverfisverndar**
- Hafgæði
 - Loftgæði
 - Vatnsgæði
 - Loftslagsmál
 - Bráðamengun
 - Fráveitur og skólp
 - Verndun ósonlagsins
 - Losun gróðurhúsalofttegunda
 - Starfsleyfi og mengunareftirlit

SVIÐ FRÆÐSLU- OG UPPLÝSINGA

- Vefir
- Bókasafn
- Námskeið
- Gagnagrunnar
- Umhverfisvísar
- Umhverfismerkingar
- Útgáfu og ímyndarmál
- Fræðslufundir og ráðstefnur

SVIÐ LAGA OG STJÓRNSÝSLU

- Þingmál
- EES málefni
- Reglugerðir
- Samningagerð
- Alþjóðasamningar
- Umsagnir um kærur
- Lögfræðilegar álitserðir
- Undirbúningur friðlýsinga

SVIÐ FJÁRMÁLA OG REKSTRAR

- Innkaup
- Bókhald
- Skjalavarsla
- Eignaumsýsla
- Kostnaðarmat
- Fjármálastjórnun
- Símsvörur og móttaka



VIRK STARFSMANNASTEFNA


Í byrjun ársins var ný starfsmannastefna samþykkt hjá stofnuninni. Stefnan sjálf er stutt, hnitmiðuð og lýsandi. Til þess að fylgja henni eftir er unnin stefnumiðuð starfsáætlun í starfsmannamálum til árs í senn og starfsánægjukönnun og stjórnendamat framkvæmd eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Í starfsmannastefnu er tekið á þáttum frá því starf er auglýst og þar til starfsfólk lætur af störfum. Mikilvægt er því að verkferlar sem tengjast hverjum þætti stefnunnar séu gerðir. Þegar stefnan var samþykkt höfðu ákveðnir verkferlar þegar verið unnir, til dæmis varðandi ráðningar í störf og móttöku nýrra starfsmanna. Aðrir voru komnir í farveg og má þar nefna árleg starfsmannasamtöl og starfsþróunaráætlanir. Árvísst heilsuáttak er að vori og ýmsir viðburðir, s.s. aðventuboð og árshátíð. Stefnumiðuða starfsáætlunin er síðan mikilvæg til þess að ákveða hvaða þætti stefnunnar er fyrirhugað að leggja áherslu á hvert ár.


Meginverkefni ársins 2009 var að endurskoða starfsmannahandbók stofnunarinnar og koma henni á veftækt form. Töluverð vinna lá að baki endurskoðun handbókarinnar og fjölmargir lögðu vinnu eða rýni í verkið. Auðveldara verður nú að uppfæra upplýsingar í handbókinni og halda henni virkri.

Stofnunin tók þátt í könnuninni Stofnun ársins á árinu. Var það í fyrsta skipti sem allir starfsmenn taka þátt í þeirri könnun en áður höfðu einungis félagsmenn í SFR svarað henni. Niðurstöður voru hagnýtar og svarhlutfall gott. Til þess að fylgja könnuninni eftir var haldinn starfsdagur fyrir allt starfsfólk með þemanu samskipti og samstarf auk þess sem starfstengd þemu fyrir hvern mánuð vetrarins voru sett til þess að minna á þá þætti sem vert þótti að gefa gaum að.


KYNJAHLUTFALL 2009



STARFSMANNAMÁL MENNTUN



ÞRÓUN KYNJAHLUTFALLS



STARFSFÓLK UMHVERFISSTOFNUNAR

FORSTJÓRI

Kristín Linda Árnadóttir

SVIÐ FJÁRMÁLA OG REKSTRAR

Gylfi Ástbjartsson, sviðsstjóri
 Ástríður Elín Jónsdóttir
 Kristbjörg Bjarnadóttir
 Kristinn Valtýsson
 Kristín Ágústa Björnsdóttir
 Magnea I. Kristinsdóttir
 Stella Aðalsteinsdóttir
 Svanhildur Sigurðardóttir
 Þórey J. Pétursdóttir
 Þórunn E. Karlsdóttir

SVIÐ FRÆÐSLU OG UPPLÝSINGA

Áki Ármann Jónsson, sviðsstjóri
 Anne Maria Sparf
 Einar Guðmann
 Inga G. Aradóttir
 Jón Örvar Geirsson Jónsson
 Gunnar Steinn Jónsson
 Kristinn Már Ársælsson
 Sigurður B. Finnsson
 Völundur Jónsson

SVIÐ LAGA OG STJÓRNSÝSLU

Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri
 Guðríður Þorvarðardóttir
 Hrafnhildur Bragadóttir
 Kjartan Ingvarsson
 Kristín Aðalsteinsdóttir

SVIÐ NÁTTÚRUAUÐLINDA

Hjalti J. Guðmundsson, sviðsstjóri
 Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
 Ásgeir Björnsson
 Bergþóra Kristjánsdóttir
 Bjarni Pálsson
 Björn Stefánsson
 Chas Goemans
 Edda Björk Rögnvaldsdóttir
 Guðbjörg Gunnarsdóttir
 Guðrún Lára Pálmadóttir
 Hildur Vésteinsdóttir
 Jóhann Guttormur Gunnarsson
 Jón Björnsson
 Jón Ingi Björnsson
 Kristín S. Jónsdóttir
 Kristín H. Kristjánsdóttir
 Linda Björk Hallgrímsdóttir
 Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir
 Ólafur A. Jónsson
 Sigurður Jónsson

SVIÐ UMHVERFISGÆÐA

Gunnlaug H. Einarsdóttir, sviðsstjóri
 Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir
 Birgitta Íris Birgisdóttir
 Birna Sigrún Hallsdóttir
 Brynja Jóhannsdóttir
 Gísli Jónsson
 Gottskálk Friðgeirsson
 Guðmundur B. Ingvarsson
 Hans H. Hansen
 Haukur R Magnússon
 Heiðrún Guðmundsdóttir
 Kristín Harðardóttir
 Kristján Geirsson
 Níels Br. Jónsson
 Ólafur Kristinn Tryggvason
 Sigríður O. Jansen
 Sigríður Kristjánsdóttir
 Sigrún Guðmundsdóttir
 Sigurður Ingason
 Sigurrós Friðriksdóttir
 Þorsteinn Jóhannsson

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Helgi Jensson
 Sigrún Valgarðsdóttir
 Sigurbjörg Gísladóttir

HLUTVERK


Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90 / 2002 um Umhverfisstofnun, en hlutverk hennar er einnig markað af fjölda annarra laga. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

VERKEFNI UMHVERFISSTOFNUNAR

- Eftirlit og leyfisveitingar
- Umsjón og rekstur á friðlýstra svæða og þjóðgarðs
- Samræmingarhlutverk vegna heilbrigðis- og mengunarmála
- Söfnun og miðlun upplýsinga um ástand umhverfisins og umhverfismál
- Umsjón með umhverfisluta EES- samningsins
- Gerð reglugerða
- Leiðbeiningar til annarra opinberra aðila s.s. sveitarfélaga og fyrirtækja
- Umsagnir vegna m.a. mats á umhverfisáhrifum og skipulags
- Friðlýsing nýrra svæða í samræmi við Náttúruverndaráætlun
- Umsagnir um kærur
- Önnur störf samkvæmt sérstökum samningum eða samkvæmt ákvörðun umhverfisráðuneytis



VERKEFNI 2009



TEYMI

Sett voru á fót níu þverfagleg teymi á árinu. Markmið teymanna er að tryggja þverfaglega vinnu, auka upplýsingastreymi milli sviða og nýta þekkingu starfsmanna. Hvert teymi fékk erindisbréf þar sem verkefni teymisins voru nánar útfærð. Teymisstjórar voru skipaðir til 18 mánaða og bera þeir ábyrgð á að kalla til fundar og skipuleggja starf teymanna. Teymisstjórar funduðu með forstjóra Umhverfisstofnunar þrisvar sinnum þar sem farið var yfir starfið, hvað gengi vel og hvað miður. Vinnan innan teymanna gekk í meginatriðum vel en mislangan tíma tók fyrir teymin að finna sinn farveg. Um mitt ár 2010 verður gert heildstætt mat á virkni teymanna og hvað megi bæta og mun það nýtast við endurskoðun erindisbréfa og skipun nýrra teymisstjóra.

Teymi Umhverfisstofnunar og leiðtogar þeirra

- Efnateymi:** Sigríður Kristjánsdóttir
- Haf- og vatnsteymi:** Kristján Geirsson
- Hollustuháttateymi:** Brynja Jóhannsdóttir
- Loftmengunarteymi:** Birna S. Hallsdóttir
- Náttúruverndarteymi:** Ólafur A. Jónsson
- Starfsleyfis- og eftirlitsteymi:** Gottskálf Friðgeirsson
- Svansteymi:** Anne Maria Sparf
- Umhverfismatsteymi:** Kristín S. Jónsdóttir
- Úrgangsteymi:** Sigrún Guðmundsdóttir

Samstarfshópar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

Samstarfshópar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga eru þrír og eiga hver fyrir sig að vera grundvöllur samráðs og samhæfingar, jafnframt því að tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Öll heilbrigðiseftirlitssvæðin eiga fulltrúa í hópunum en formaður kemur frá Umhverfisstofnun. Hóparnir gera grein fyrir verkefnum sínum og leggja fram tillögu að nýjum verkefnum á árlegum samráðsfundi Umhverfisstofnunar og framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og umhverfisráðuneytis.

Umhverfsgæðahópur vinnur að samræmingu starfsleyfa og eftirlits með mengandi starfsemi. Formaður er Gísli Jónsson

Hollustuháttahópur vinnur að samræmingu framkvæmda í málefnum sem tengjast hollustuháttum. Formaður er Brynja Jóhannsdóttir

Efnavörugróður vinnur að samræmingu framkvæmda á málefnum sem tengjast efnum og efnavörum. Formaður er Niels Br. Jónsson

ÁRSÁÆTLUN 2009

Á árinu 2008 markaði Umhverfisstofnun stefnu sína fram til ársins 2012 og eru í henni tiltekin tíu meginmarkmið sem stofnunin mun vinna að. Til þess að tryggja að markmið stefnunnar náist setti Umhverfisstofnun fram ársáætlun sína vegna ársins 2009. Skiptist hún í verkefnaáætlun og rekstraráætlun.

Rekstraráætlun stofnunarinnar gerði ráð fyrir miklu aðhaldi í rekstri en reynt var að tryggja að sú skerðing kæmi sem minnst niður á verkefnum stofnunarinnar. Settar voru verklagsreglur til þess að tryggja gagnsæi í fjármálum og til þess að tryggja að áætlanir stæðust. Á mánaðarlegum fundum sem haldnir voru fóru sviðsstjórar og deildarstjórar yfir tekjur og gjöld síðasta mánaðar með forstjóra. Sérstök áhersla var lögð á að fylgjast með innheimtu sértekna og ríkistekna. Rekstraráætlun stofnunarinnar var endurskoðuð um mitt ár þar sem m.a. var skorið niður vegna aukinnar hagræðingarkröfu.

Verkefnaáætlun stofnunarinnar skiptist í tvo hluta. Annars vegar áætlun um fjölda þeirra verkefna sem teljast til reglubundinna verkefna og hins vegar verkáætlun, þar sem tiltekin voru yfir 100 verkefni sem stofnunin vann að á árinu 2009. Jafnframt var gefið yfirlit yfir áhersluverkefni á árinu. Áætlanir um reglubundin verkefni stóðust nokkuð vel, nema hvað ásókn í að sækja skotvopna- og veiðinámskeið fór fram úr öllum áætlunum. Um 1250 manns sóttu þessi námskeið á árinu 2009 en aðeins var gert ráð fyrir að um 550 manns sæktu þau.

Verkefnaáætlun stofnunarinnar var mjög metnaðarfull. Samtals var lagt af stað með yfir 100 verkefni og tókst að ljúka 70 þeirra á árinu, 25 verkefni voru langt komin og ljóst að flestum þeirra muni ljúka á fyrri hluta ársins 2010. Ekki tókst að hefja vinnu við 7 verkefni. Ábyrgð á verkefnum var skipt á niður á svið stofnunarinnar. Var ákveðið strax í upphafi á hvaða ársfjórðungi gert væri ráð fyrir að byrjað yrði á hverju verkefni og síðan var farið yfir stöðuna á mánaðarlegum fundum.

Markmið verkefnaáætlunar er að gera á skýran hátt grein fyrir þeim meginverkefnum sem stofnunin áætla að vinna að á árinu og tengja þannig saman með skýrum hætti verkefni stofnunarinnar og þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru. Jafnframt er þetta tæki til þess að samræma forgangsröðun verkefna milli Umhverfisstofnunar og umhverfisráðuneytis. Í ársskýrslu er farið yfir verkefni ársins úr ársáætlun 2009.

Ársáætlun byggir á stefnu stofnunarinnar fyrir árin 2008-2012



UMHVERFISSTOFNUN



MARKMIÐ 2008-2012

DRAGA ÚR LOSUN
GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA
Á ÍSLANDI



LOSUN GRÓÐURHÚSA- LOFTTEGUNDA

VIÐSKIPTAKERFI MEÐ
LOSUNARHEIMILDIR MUN NÁ
YFIR FLUG FRÁ 1. JANÚAR 2012

Viðskiptakerfið byggist á því að losun gróðurhúsalofttegunda frá tilteknum tegundum atvinnustarfsemi á ESB-svæðinu er gerð háð losunarheimildum sem fyrirtæki geta síðan selt eða keypt, allt eftir þeim árangri sem þau ná í takmörkun á losun


ETS og flugstarfsemi á Íslandi

Meginstjórnartæki ESB á sviði loftslagsmála er viðskiptakerfi með losunarheimildir (ETS) sem hefur verið starfrækt frá 1. janúar 2005. Tilgangur kerfisins er að stuðla að því að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda í ríkjum ESB með sem hagkvæmustum hætti. Um leið er kerfinu ætlað að tryggja að Evrópusambandið og aðildarríki þess geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt Kyoto-bókuninni við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. Viðskiptakerfið byggist á því að losun gróðurhúsalofttegunda frá tilteknum tegundum atvinnustarfsemi á ESB-svæðinu er gerð háð losunarheimildum sem fyrirtæki geta síðan selt eða keypt, allt eftir þeim árangri sem þau ná í takmörkun á losun. Til að byrja með náði viðskiptakerfið einungis yfir afmarkaða iðnaðarstarfsemi og orkuvinnslu. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn í október 2007 en ekkert íslenskt fyrirtæki fellur undir hana nú.

Flug verður fellt undir viðskiptakerfi með losunarheimildir 1. janúar 2012. Áður en losunarheimildum verður úthlutað til flugrekenda þarf að afla viðtækra upplýsinga um sögulega losun og hlutdeild einstakra flugrekenda í henni. Annars vegar er unnin greining á umfangi losunar frá flugi árin 2004-2006 og hins vegar mun úthlutun byggja á hlutdeild hvers flugrekanda í heildarflugstarfsemi innan ESB árið 2010. Vegna þessa hófst vöktun og skráning upplýsinga um flugstarfsemi og losun frá henni 1. janúar 2010 í samræmi við eftirlitsáætlanir sem flugrekendur hafa skilað inn til lögbærra stjórnvalda í hverju ríki fyrir sig. Ísland, Noregur og Liechtenstein samþykktu formlega seinni hluta ársins 2009 að tilskipunin verði tekin upp í EES-samninginn. Því er ljóst að reglur tilskipunarinnar munu gilda hér á landi frá 1. janúar 2012.

Umhverfisstofnun hóf á árinu 2009 margháttaðan undirbúning fyrir væntanlega gildistöku

ÚTSTREYMI GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA



flugtilskipunarinnar. Sem dæmi má nefna að stofnunin hélt þrjá kynningar- og samráðsfundi fyrir flugrekendur í júlí, september og nóvember þar sem staða málsins var skýrð á hverjum tíma og farið yfir reglur og kröfur kerfisins. Þá stóðu EES/EFTA-ríkin, EFTA-skrifstofan og framkvæmdastjórn ESB fyrir upplýsingafundi með evrópskum og alþjóðlegum samtökum flugrekenda 11. desember 2009.

Áhrif hins nýja kerfis og stækkunar þess á íslenska flugrekendur er nokkuð mismunandi. Þeir flugrekendur sem fljúga nú þegar til flugvalla innan ESB-svæðisins þurftu þegar að uppfylla kröfur tilskipunarinnar um upplýsingagjöf vegna þeirra, þ.m.t. með skilum á eftirlitsáætlunum, og þeir munu eingöngu verða fyrir áhrifum af stækkuninni ef þeir stunda flug á leiðum utan ESB. Flugrekendur sem ekki flugu innan ESB þurftu hins vegar að skila eftirlitsáætlunum og upplýsingum um sína starfsemi til Umhverfisstofnunar til samþykktar fyrir 31. desember 2009. Allir þessir flugrekendur þurftu jafnframt að hefja söfnun upplýsinga um starfsemi sína frá 1. janúar 2010. Umhverfisstofnun átti á árinu afar gagnlegt og jákvætt samstarf með flugrekendum í tengslum við stækkun kerfisins.

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda jókst um 6% frá 2006 til 2007. Umhverfisstofnun heldur bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á því sviði. Stofnunin skilar árlega upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda tveimur árum áður og landskýrslu um niðurstöður losunarbókhaldsins til loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna.

Á árinu 2009 voru dregnar saman upplýsingar um losun á árinu 2007. Þar kemur fram að heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda var 4,5



milljónir tonna CO₂-ígilda og jókst um 6% milli ára. Munar þar mest um aukið útstreymi frá áliðnaði en árið 2007 var gangsett nýtt álver á Reyðarfirði auk þess sem framleiðsluaukning varð hjá Norðuráli á Grundartanga.

Tveir flokkar útstreymis eru langstærstir hérlendis og árið 2007 stóðu þeir samtals að 64% heildarútstreymis. Útstreymi vegna iðnaðar og efnanotkunar er samtals 41% og vegna samgangna 23% eins og sjá má af meðfylgjandi kökuriti.

Í loftslagssamningnum eru allar tölur miðaðar við árið 1990 sem grunnár. Útstreymi þá var 3,4 milljónir tonna CO₂-ígilda og hefur útstreymi því aukist um 32% á tímabilinu 1990 til 2007. Mest hefur útstreymi

aukist frá vegasamgöngum um 81% og áliðnaði um 72%. Talsverð aukning hefur einnig verið vegna meðhöndlunar úrgangs sem og vegna rafmagns- og hitaframleiðslu. Útstreymi hefur hins vegar dregist saman um 18% í sjávarútvegi og um 7% í landbúnaði.

Íslendingar eru skuldbundnir til þess að halda sig innan tiltekinnar marka varðandi losun gróðurhúsalofttegunda. Samkvæmt spám Umhverfisstofnunar munu Íslendingar standa við sínar skuldbindingar gagnvart Kyoto-bókuninni en mikilvægt er að allir leggist á eitt til að svo megi verða.

ÚTTEKT Á LOSUNARBÓKHALDI

Ár hvert ber iðnríkjum sem eru aðilar að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) að skila ítarlegum upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu þeirra, sem og um þróun og horfur á að ríkin standist skuldbindingar sínar skv. samningnum og Kyoto-bókuninni. Skýrslur ríkjanna eru ítarlega yfirfarnar af sérstökum úttekarteymum sem skrifstofa samningsins tilnefnir. Teymin skila svo skýrslum um helstu niðurstöður úr úttektinni á bókhaldinu ásamt tillögum að úrbótum þar sem þurfa þykir.

Árið 2009 áttu Íslendingar fulltrúa í úttekarteymi UNFCCC en þá vann sérfræðingur á Umhverfisstofnun við úttekt á losunarbókhaldi fjögurra erlendra ríkja (Belgíu, Hollands, Írlands og Ítalíu). Er þetta í annað skipti sem starfsmaður Umhverfisstofnunar sinnir þessu verkefni. Úttektin var unnin í höfuðstöðvum samningsins í Bonn og tók um viku auk undirbúnings og frágangs hér heima.



Á árinu hóf annar sérfræðingur á Umhverfisstofnun nám til að öðlast sambærileg réttindi til úttektar og er gert ráð fyrir að því ljúki á vormánuðum 2010. Stofnunin býr að því að hafa vel menntaða og hæfa sérfræðinga á þessu sviði og með þátttöku í þessu starfi standa Íslendingar vel við alþjóðlegar skyldur sínar um að framfylgja ákvæðum loftslagssamningsins.

LOFTSLAGSMÁL ERU EINN MIKILVÆGASTI MÁLAFLOKKUR SAMTÍMANS



Í því skyni að auðvelda íslenskum fyrirtækjum og aðilum að takast á hendur loftslagsvæn þróunarverkefni, ellegar þátttöku í samvinnuverkefnum, fól umhverfissráðuneytið Umhverfisstofnun að meta umfang og hugsanlegan kostnað við að setja upp landskrifstofu loftslagsmála

Breytingar á reglum um losunarheimildir

Innan Evrópusambandsins á sér stað allmikil gerjun varðandi markmið og leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þróun á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir er mjög hröð. Töluverðar breytingar hafa orðið á reglum Evrópusambandsins í þessum efnum og á grundvelli EES-samningsins eru þær reglur felldar inn í íslenskt lagaumhverfi. Það er því ljóst að innan skamms verða reglur og viðmiðanir hér á landi endurskoðaðar. Til athugunar er hjá Umhverfisstofnun og umhverfissráðuneytinu að setja frekari reglur um útfærslu laga nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda, en ákveðið hefur verið að samþætta þá vinnu eins og unnt er við fyrirhugaðar breytingar á lögum vegna innleiðingar á nýjum reglum um viðskiptakerfi ESB. Varða þær breytingar bæði þann iðnað sem þegar er háður losunarheimildum og flugstarfsemi. Umhverfisstofnun leitast við að afla sér eins mikillar þekkingar á umræddri löggjöf og frekast er unnt en það er afar brýnt þar sem um flóknar reglur er að ræða. Árið 2009 var sérlega annasamt í þessum málum, ekki síst undirbúningur vegna útvíkkunar viðskiptakerfis ESB yfir í losun gróðurhúsalofttegunda frá flugi. Hlutverk stofnunarinnar er fólgið í greiningu reglna ESB um þessi mál, mat á afleiðingum þeirra, undirbúningur gildistöku og að lokum umsjón og eftirlit með framkvæmd þeirra.

Landsmiðstöð loftslagsmála

Losun gróðurhúsalofttegunda hefur hnatttræn áhrif og afleiðingar hennar óháðar staðsetningu uppsprettu. Kostnaður við mótvægisáðgerðir losunar er mismunandi eftir ríkjum, mun hagstæðara er til að mynda að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í Mið- og Austur-Evrópuríkjum og þróunarríkjum þar sem enn er oft notast við gamla og orkufreka tækni en í iðnríkjum sem búa við bestu fáanlegu tækni sem völ er á

sem enn er oft notast við gamla og orkufreka tækni en í iðnríkjum sem búa við bestu fáanlegu tækni sem völ er á.

Á sjöunda aðildarríkjaþingi rammasamnings SP um loftslagsbreytingar í Marakes í nóvember 2001 voru sett fram svokölluð sveigjanleikaákvæði sem leyfa viðskipti með losunarheimildir. Um er að ræða ferns konar viðskiptatæki sem ríkjum er hafa losunarheimildir samkvæmt viðauka B við Kyoto-bókunina er heimilt að beita til að fullnægja skuldbindingum sínum:

- Ríkjum er heimilt að kaupa losunarheimildir frá öðrum ríkjum sem ekki nýta losunarheimildir sínar til fulls (hrein viðskipti) (17.gr.)
- Iðnríkjum (ríkjum í viðauka B) er heimilt að takast sameiginlega á hendur verkefni sem leiða til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda og skipta með sér þeim samdrætti (6.gr.)
- Iðnríkjum er heimilt að ráðast í verkefni í þróunarríkjum sem leiða til samdráttar í losun þróunarríkis en iðnríkið telur hann sér til tekna heima fyrir. Þróunaraðstoðin felst einkum í að flytja fjármagn, tækni og þekkingu til þróunarlanda (12. gr.)
- Iðnríki geta bundist formlegu samkomulagi um sameiginlega losunarheimild og skiptingu hennar sín á milli (4. gr.)

Samkvæmt þessu er um að ræða tvær leiðir til að ná fram losunarmarkmiðum með samdrætti í losun í gistiríki (ríki sem hýsir verkefni), annars vegar er um að ræða samvinnuverkefni skv. a-lið og hins vegar þátttöku í loftslagsvænum þróunarverkefnum skv. c-lið. Samvinnuverkefnin byggja á því að tvö

iðnríki (eða einkaaðilar) bindast samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eða auka kolefnisbindingu í öðru iðnríkinu (gistiríki). Hin leiðin eru þróunarverkefni sem byggja á framkvæmd iðnríkis í gistiríki sem í þessu tilviki er þróunarríki. Tækni og fjármagn kemur frá framkvæmdaríki og fær það úthlutað þróunareiningum fyrir þeim mismun í losun sem skapast við framkvæmd verkefnis. Við framkvæmdina flyst fjármagn, tækni og þekking frá iðnríkjum til þróunarríkja og stuðlar þannig að sjálfbærri þróun í þróunarríkjum. Ennfremur auðveldar framkvæmdin iðnríkjum að ná þeim markmiðum sem þau hafa skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Til að hefja viðskipti með þróunar- og/eða samvinnueiningar þurfa hlutaðeigandi ríki að tilnefna sérstakan aðila sem kemur fram fyrir hönd þeirra í tengslum við loftslagsvæn þróunarverkefni Landskrifstofu loftslagsmála (Designated National

Authority – DNA, JI Focal Point). Í því skyni að auðvelda íslenskum fyrirtækjum og aðilum að takast á hendur loftslagsvæn þróunarverkefni, ellegar þátttöku í samvinnuverkefnum, fól umhverfissráðuneytið Umhverfisstofnun að meta umfang og hugsanlegan kostnað við að setja upp landskrifstofu loftslagsmála. Á árinu 2009 vann stofnunin greiningu á tilgangi, eðli og verkefnum slíkrar landsmiðstöðvar, og hvaða kröfur hún þyrfti að uppfylla til að fá viðurkenningu hjá skrifstofu Kyoto-bókunarinnar. Jafnframt fylgdist stofnunin með þróun mála og vann drög að verklagsreglum fyrir starfseminu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skrifstofa loftslagsvænna þróunarverkefna sé staðsett á Íslandi til að íslensk fyrirtæki geti skráð samvinnu- og þróunarverkefni hér á landi og að einingar sem ávinnast fari inn í íslenska landskrá.

SKÝRSLUR UM LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Umhverfissráðherra setti á nýliðnu ári reglugerð, nr 244/2009, um skil atvinnurekstrar á upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Samkvæmt reglugerðinni ber atvinnurekstri sem hefur fengið úthlutað losunarheimildum að skila skýrslu fyrir 1. mars ár hvert um losun koldíoxíðs til Umhverfisstofnunar.

Í skýrslunni skulu vera upplýsingar um atvinnureksturinn, uppsprettur losunar, ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr losun o.fl. Einnig er þar að finna gæðakröfur um úrvinnslu og áreiðanleika upplýsinganna sem og yfirferð Umhverfisstofnunar. Gert er ráð fyrir því að skýrslurnar verði birtar á heimasíðu stofnunarinnar. Jafnframt ber fyrirtækjum að skila skýrslu um losun annarra gróðurhúsalofttegunda fyrir 1. maí hvert ár. Var árið 2009 fyrsta árið sem þessi skylda var virk.

Nú hafa fimm fyrirtæki fengið úthlutað losunarheimildum, Norðurál á Grundartanga, Alcan í Straumsvík, Sementsverksmiðjan á Akranesi, Elkem á Grundartanga og Alcoa Fjarðaál á Reyðarfirði. Fyrirtækin skiluðu skýrslum í samræmi við kröfur og Umhverfisstofnun sendi samantekt og umsögn til úthlutunarnefndar losunarheimilda að aflokinni yfirferð.

Hlutverk stofnunarinnar er fólgið í greiningu reglna ESB um þessi mál, mat á afleiðingum þeirra, undirbúningur gildistöku og að lokum umsjón og eftirlit með framkvæmd þeirra

Kostnaður við mótvægisáðgerðir losunar er mismunandi eftir ríkjum, mun hagstæðara er til að mynda að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í Mið- og Austur-Evrópuríkjum og þróunarríkjum þar sem enn er oft notast við gamla og orkufreka tækni en í iðnríkjum sem búa við bestu fáanlegu tækni sem völ er á



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

**DRAGA ÚR LOSUN HEILSUSKAÐLEGRA
EFNA OG EFNA SEM ERU HÆTTULEG
UMHVERFINU**



HEILSUSKAÐLEG EFNI OG ÚRGANGUR

SAMRÆMT KERFI FLOKKUNAR OG MERKINGU EFNA Á HEIMSVÍSU VERÐUR AÐ VERULEIKA ÁRIÐ 2010



REACH – skráning, mat og leyfisveitingar efna

REACH-reglugerðin um skráningu, mat og leyfisveitingu efna er heildstætt kerfi fyrir efni og efnavörur innan evrópska efnahagssvæðisins og var innleidd á Íslandi árið 2008.

Iðnaðarframleiðsla á efnum og efnavörum í heiminum er umfangsmikil og vex stöðugt. Efni geta haft hættulega eiginleika og til að vernda heilsu manna og umhverfi þarf efnaiðnaðurinn að lúta ákveðnum lögum og reglum. REACH-reglugerðin um skráningu, mat og leyfisveitingu efna er heildstætt kerfi fyrir efni og efnavörur innan evrópska efnahagssvæðisins og var innleidd á Íslandi árið 2008. Með henni færast ábyrgð á áhættumati efna og efnavara frá yfirvöldum til iðnaðarins. Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd REACH á Íslandi.

REACH gengur út á að skrá og áhættumeta öll efni og efnasambönd sem eru framleidd eða flutt inn á evrópska efnahagssvæðið í meira magni en eitt tonn á ári, með ákveðnum undantekningum þó. Forskráning efna fór fram frá 1. júní - 1. desember 2008 og forskráðu 15 fyrirtæki á Íslandi 112 efni og efnasambönd hjá Efnastofnun Evrópu. Þeir sem forskrá sama efnið innan EES mynda upplýsingahóp sem vinnur sameiginlega að skráningu og áhættumati á efninu. Þannig er samnýting gagna tryggð og komið í veg fyrir óþarfa dýratilraunir.

Eftirlit er mikilvægur þáttur í REACH og var haldinn fræðslufundur á Umhverfisstofnun í október fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Vinnueftirlitið þar sem fjallað var um REACH-reglugerðina og eftirlit með henni. Fyrsta samræmda eftirlitsverkefnið með REACH á evrópska efnahagssvæðinu fór síðan fram haustið 2009 og sá Umhverfisstofnun um framkvæmd þess á Íslandi, í samstarfi við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Verkefnið kallast REACH-En-Force1 og þar var lögð áhersla á að kanna forskráningu efna og efnasambanda og gerð öryggisblaða. Á Íslandi voru 10 fyrirtæki í úrtaki, 6 sem forskráðu og 4 sem ekki höfðu forskráð. Niðurstöður hafa verið

sendar til Efnastofnunar Evrópu og ánægjulegt að upplýsa að engar meiriháttar athugasemdir þurfti að gera í þessu eftirliti. Flest fyrirtækin voru meðvituð um hina nýju reglugerð, fögnuðu eftirliti og fræðslu en miðlun upplýsinga um REACH til iðnaðarins var eitt af markmiðum REACH-En-Force1-verkefnisins. Fleiri samræmd eftirlitsverkefni eru fyrirhuguð þar sem áhersla verður lögð á aðra þætti REACH-reglugerðarinnar. Auk þess er ákvæðum reglugerðarinnar nú þegar fylgt eftir í reglubundnu eftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga með efnum og efnavörum.

Upplýsingaveita um REACH eða svokallað REACH Helpdesk er starfrækt í öllum ríkjum á evrópska efnahagssvæðinu sem hafa innleitt REACH. Fulltrúi Íslands situr í stýrihópi fyrir þessa upplýsingaveitu ásamt fulltrúum annarra aðildarríkja og Efnastofnunar Evrópu. Stýrihópurinn fundar reglulega í höfuðstöðvum Efnastofnunar Evrópu í Helsinki og þar mæta líka áheyrnarfulltrúar frá stærstu samtökum efnaiðnaðarins í Evrópu. Efnastofnun Evrópu starfrækir að auki miðlæga og gagnvirka vefgátt þar sem aðildarríkin geta lagt fram spurningar um REACH og fengið viðbrögð hinna ríkjanna, sem og sérfræðinga hjá Efnastofnun Evrópu. Allt þetta stuðlar að góðu upplýsingaflæði á milli aðildarríkja, Efnastofnunar Evrópu og efnaiðnaðarins í Evrópu sem er grundvöllur fyrir samræmdri framkvæmd og eftirliti með REACH á evrópska efnahagssvæðinu.

Flokkun og merking efna tekur breytingu

Undirbúningur er hafinn við nýja reglugerð um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem kemur í stað núgildandi reglugerðar sem er að stofni til frá 1990. Um er að ræða innleiðingu á reglugerð (EB) nr. 1272/2008 en með henni er tekið upp samræmt kerfi flokkunar og merkinga efna

á heimsvísu sem hefur lengi verið í undirbúningi. Reglugerðin kemur út árið 2010 og tekur gildi í áföngum.

Reglugerðin mun hafa talsverðar breytingar í för með sér. Ábyrgð með flokkun efna færast að miklu leyti frá yfirvöldum til iðnaðar og hefur það í för með sér að framleiðendur og innflytjendur efna þurfa nú að flokka efnin með tilliti til þeirra hættuflokka sem skilgreindir eru í reglugerðinni í stað þess að samræmd hættuflokkun verði ákveðin innan nefnda á vegum Evrópusambandsins. Önnur mikilvæg breyting er sú að teknar verða upp nýjar varnaðarmerkingar sem eiga að vera komnar á allar efnablöndur

Útgefin starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun

Eftirfarandi starfsleyfi voru gefin út árið 2009

Sorpstöð Suðurlands bs.

Endurnýjun á starfsleyfi fyrir urðunarstað Sorpstöðvar Suðurlands bs. að Kirkjuferjuhjáleigu. Sorpstöðinni er heimilt að urða allt að 30.000 tonn af almennum og óvirkum úrgangi á ári. Starfsleyfið var gefið út 13. júlí 2009.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.

Breyting á viðauka við starfsleyfi, þar sem Sorpeyðingarstöðinni er veitt heimild til að brenna úrgang sem inniheldur PCB. Viðauki gefinn út 7. júlí 2009.

Becromal Iceland

Becromal Iceland er heimilt að framleiða allt að 2200 tonnum eða sem nemur 10.800.000 m² af aflþynnnum fyrir rafmagnspétta á ári hverju, með rafhúðun í 90 m³ kerjum. Framleiðslan fer fram í allt að 64 vélasamstæðum í 6000 m² verksmiðjuhúsnæði í Krossanesi við Eyjafjörð. Þá er veitt heimild til þökkunar og reksturs verkstæðis og annarrar þjónustu við starfsemi auk heimildar til að framleiða ammóníumfosfat sem hliðarafurð úr vothreinsun. Starfsleyfið var gefið út 14. júlí 2009.

eftir 1. júní 2015. Heimilt verður þó að nota nýju merkingarnar strax og búast má við því að þegar flokkun innihaldsefna í efnablöndum er komin vel á veg fari nýju merkingarnar að sjást á vörum. Það gæti verið fljótlega upp úr næstu áramótum.

Kynningarstarf stofnunarinnar hefur í fyrstu miðað að því að framleiðendur og innflytjendur efna geri sér grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra fyrir 1. desember 2010 þegar endurflokkun efna á að vera lokið. Einnig verða nýju merkingarnar kynntar fyrir neytendum og almenningi.

Elkem Ísland

Elkem Ísland er með endurnýjuðu og útvíkkuðu starfsleyfi heimilt að framleiða allt að 190.000 tonnum (miðað við 75 % FeSi) af 45-100% kísil og kísiljárn og allt að 45.000 tonnum af kísilryki í ljósbogaofnum. Hluti af framleiðslunni fer í eftirvinnslu. Með eftirvinnslu er átt við framleiðslu á kímefnum með íblöndun magnesíums og fleiri málma, hreinsun á kísiljárn og hreinsun á kísil til að mæta ströngustu kröfum um hreinleika. Starfsleyfið var gefið út 20. ágúst 2009.

Íslenska kísilfélagið

Íslenska kísilfélaginu er heimilt að framleiða í ljósbogaofnum allt að 50.000 tonnum á ári af hrákísil (>98% Si / e. metallurgical grade Silicon) og allt að 20.000 tonnum af kísilryki auk reksturs fylgibúnaðar, verkstæða og annarrar þjónustu fyrir eigin starfsemi. Starfsleyfið var gefið út 2. september 2009.

Varaafstöð Verne Holdings

Umhverfisstofnun gaf út starfsleyfi fyrir varaafstöð Verne Holdings ehf á Vallarheiði í Reykjanesbæ 8. september 2009. Verne Holdings er heimilt að reka dísilrafstöðvar sem sjá gagnaveri fyrirtækisins fyrir allt að 55 MW varaafli þar sem raforka er framleidd með fjörgengisvélum. Heimilt er að prófa varaafstöðina til þess að ganga úr skugga um virkni hennar og reka hana tímabundið til eigin nota ef rafmagn fer af rafmagnsdreifikerfi.

Ábyrgð með flokkun efna færast að miklu leyti frá yfirvöldum til iðnaðar

Kynningarstarf stofnunarinnar hefur í fyrstu miðað að því að framleiðendur og innflytjendur efna geri sér grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra fyrir 1. desember 2010 þegar endurflokkun efna á að vera lokið



Vorið 2009 kom út skýrsla um gæði laugarvatns og öryggi á sundstöðum um allt land

Heilnæmi laugarvatns og öryggi á sundstöðum

Hollustuháttahópur, sem er samstarfshópur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar, stendur fyrir árlegum eftirlitsverkefnum með hollustuháttum og öryggismálum. Fyrsta verkefnið var framkvæmt sumarið 2008. Vorið 2009 kom út skýrsla um gæði laugarvatns og öryggi á sundstöðum um allt land. Sýni voru tekin og greind árið 2008. Alls voru skoðaðir 124 sundstaðir og rannsókuð 376 vatnssýni.

Lagðar voru spurningar fyrir ábyrgðaraðila á sundstöðunum um innra eftirlit, þjálfun starfsfólks og hvaða skyndihjálparbúnaður væri til staðar. Einnig var spurt um tíðni klórmælinga og skráningu þeirra. Vatnssýni voru tekin úr samtals 376 sund- og setlaugum á þessum 124 sundstöðum og var mældur í þeim gerlaföldi við 37°C, frír og bundinn klór, hiti og sýrustig. Bakterían *Pseudomonas aeruginosa* var mæld í 182 sýnum. Hafa ber í huga að niðurstöður sýna ástandið eins og það var þegar sýni voru tekin, en segja ekki til um hvernig það er í annan tíma. Reglum um aldurstakmark var vel framfylgt en á nokkuð marga sundstaði vantaði skriflegar öryggisreglur, neyðaráætlanir, merkingar um dýpi lauga og merkingar um bann á dýfingum. Björgunartæki sem eiga að vera til staðar vantaði í um 25% tilfella.

Á um 80% sundstaða höfðu verið haldin námskeið í skyndihjálparáttátt á hvert ár fyrir afgangslufólki og baðverði. Á um 75% sundstaða höfðu verið haldin árlega námskeið sem lauk með hæfnisprófi starfsmanna er sinna laugargæslu. Aðeins þeir starfsmenn sem hafa staðist alla þætti hæfnisprófsins mega sinna laugargæslu.

Mikill munur er á niðurstöðum örverusýna eftir flokkum lauga. Frá 10% sýna úr A-laugum og yfir í 30% sýna úr C-laugum standast ekki kröfur. Munurinn endurspeglar að miklu leyti mismunandi vatnshreinsibúnað, klór- og sýrustigsstýringu í laugunum. Styrkur á fríum klór var utan þeirra marka sem sett eru í reglugerð í um 36% lauga í A-flokki og í um 59% lauga í B-flokki. Engin mörk eru í reglugerð fyrir klórstyrk í C-laugum.

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að ýmislegt megi betur fara:

- Bæta þarf innra eftirlit öryggismála og merkingar sem eru ætlaðar til að auka öryggi sundlaugagesta.
- Útvega þarf nauðsynleg björgunartæki sem vantar.
- Fylgja þarf eftir skyldum eigenda og umsjónarmanna sundstaða um endurmenntun starfsfólks og árlegt hæfnispróf starfsmanna sem sinna laugargæslu. Mælt er með að prófin séu haldin að vori, einnig fyrir starfsfólk í sumarflýsingum.
- Til að tryggja sótthreinsun sundlaugarvatns þarf að ráðast í endurbætur á sundstöðum í B- og C-flokki sem uppfylla ekki kröfur um sjálfvirka stjórnun á klór og sýrustigi.
- Bæta þarf mælingar og skráningu á fríum klór, bundnum klór og sýrustigi í laugarvatninu.
- Koma verður menntun starfsfólks sundstaða í fastari skorður og skipulagning skyndihjálparnámskeiða þarf að vera í umsjón eins aðila fyrir allt landið. Sama á við um hæfnispróf starfsfólks sem sinnir laugargæslu.
- Brýnt er að koma á námskeiði fyrir starfsfólk um vél- og stýribúnað sundstaða og fræðslu um hreinsun laugarvatns.



Með hljóðvist er átt við ómtíma og hljóðstig í umhverfi, t.d. í kennslustofu

Hljóðvist skiptir máli fyrir hlustunarskilyrði og upplifun fólks á hljóðum í umhverfinu

Málstofa um hljóðvist í leik- og grunnskólum

Þann 25. september 2009 stóðu Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Vinnueftirlit ríkisins, umhverfissráðuneytið og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands að málstofu um hljóðvist í leik- og grunnskólum sem nú er aðgengileg á vef Umhverfisstofnunar. Fjöldmörg fróðleg erindi voru flutt um þennan mikilvæga málaflokk. Með hljóðvist er átt við ómtíma og hljóðstig í umhverfi, t.d. í kennslustofu. Hljóðvist skiptir máli fyrir hlustunarskilyrði og upplifun fólks á hljóðum í umhverfinu.

Dagskráin hófst á því að börn frá leikskólanum Klömbur sungu nokkur lög með táknum en síðan opnaði umhverfissráðherra, Svandís Svavarsdóttir, málstofuna með nokkrum orðum. Erindin voru mjög athyglisverð og fjölluðu um þá áskorun sem felst í að draga úr hávaða í leik- og grunnskólum, nemendum og starfsfólki til hagsbóta. Sérfræðingar um hljóðvist skýrðu frá sínum niðurstöðum en einnig voru reynslusögur úr leik- og grunnskólum, m.a. hvernig hægt er að minnka hávaða í opnum kennslurýmum, íþróttasölum og á matmálstímum í mótuneytum. Táknmálstúlkar voru á staðnum og túlkuðu jafnóðum en einnig var málstofan send beint út á netið. Allir voru á einu máli um mikilvægi þess að hljóðvist sé tekin með í reikninginn strax í upphafi við hönnun skólahúsnæðis, það sé of dýrt að þurfa að grípa til aðgerða eftir.

Námskeið um eftirlit með leiksvæðum barna og leikvallatækjum

Umhverfisstofnun hefur fjórum sinnum haldið námskeið um eftirlit fyrir heilbrigðisfulltrúa og þá er sjá um rekstrar- og aðalskoðun. Í maí 2009 var haldið slíkt námskeið fyrir heilbrigðisfulltrúa. Aðsókn á öll námskeiðin hefur verið mjög góð og almenn ánægja

með þau. Kennari á flestum þessara námskeiða hefur verið David Yearley sem vinnur hjá RoSPA (The Royal Society for the prevention of Accidents) í Bretlandi. Hann hefur mikla reynslu af skoðun leikvallatækja og leiksvæða og hefur haldið námskeið víða um heim. Námskeiðin hafa staðið í tvo daga og verið bæði í formi fyrirlestra og verklegar kennsla á leiksvæðum.

Leikvallatæki og leiksvæði hér á landi eiga að uppfylla ákvæði staðals ÍST-EN 1176 og ÍST-EN 1177. Samkvæmt þessum stöðlum á að vera þrískipt, innra eftirlit með leikvallatækjum og leiksvæðum:

- Yfirlitsskoðun sem starfsfólk í leik- og grunnskólum og umsjónarmenn opinna leiksvæða eiga að sjá um.
- Rekstrarskoðun sem er oftast í umsjón garðyrkjustjóra eða tæknideilda sveitarfélaga.
- Árleg aðalskoðun sem einungis faggildir aðilar mega framkvæma.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga gefur út starfsleyfi og hefur eftirlit með leiksvæðum.

Námskeið um sundlaugaeftirlit

Námskeið um sundlaugaeftirlit var haldið fyrir heilbrigðisfulltrúa í júní 2009. Á námskeiðinu fjallaði Kristján Þór Hálfdánarson frá VERKÍS um hönnun sundlauga, Hrólfur Sigurðsson frá Matís um örverur og sníkjudýr, Herdís Storgaard frá Forvarnarhúsi um öryggismál og áhættumat og Ingibjörg H. Elíasdóttir frá Umhverfissviði Reykjavíkur um innra eftirlit á sundstöðum. Einnig voru sýndir klór- og sýrustigmælar og kennsla á þá frá Gróco. Í lok námskeiðsins var svo skoðað hreinsikerfi Sundlaugarinnar í Laugardal og skoðað tæki sem framleiðir klór út salti (NaCl) en Ólafur Gunnarsson hjá ÍTR flutti þar síðasta fyrirlesturinn um hreinsikerfi sundlauga. Góð aðsókn var að námskeiðinu.

Aðsókn á námskeiði um eftirlit með leiksvæðum barna og leikvallartækjum hefur verið mjög góð og almenn ánægja með þau

Svifryksmælar á Akureyri

Mælarnir eru af nýrri kynslóð loftgæðamæla, mjög fullkomir og fyrirferðarlitir. Fyrri kynslóðir mæla voru staðsettar í gámum en þessir nýju mælar eru mun minni og má jafnvel festa þá utan á ljósastaur

Á árinu 2009 festi Umhverfisstofnun kaup á tveimur nýjum svifryksmælum og voru þeir settir upp á Akureyri í apríl. Annar mælirinn var settur upp við hlið gamla mælisins við Tryggvabraut en hinn var settur upp við leikskólann Flúðir efst í bænum. Mælarnir eru af nýrri kynslóð loftgæðamæla, mjög fullkomir og fyrirferðarlitir. Fyrri kynslóðir mæla voru staðsettar í gámum en þessir nýju mælar eru mun minni og má jafnvel festa þá utan á ljósastaur. Gögn frá mælunum uppfærast á 10 mínútna fresti á netinu. Einnig er veðurstöð sambyggð nýju mælunum en það gefur möguleika á að samkeyra mengunar- og veðurupplýsingar og fá þannig mun gleggri mynd úr hvaða átt mesta mengunin kemur á hverjum stað. Mælingar hafa sýnt, eins og við var búist, að talsvert meiri mengun er við Tryggvabraut en ofar í bænum. Akureyrarbær hefur dregið úr notkun sands til hálkuvana í þeim tilgangi að draga úr svifryksmengun. Erfitt getur verið að sjá út frá mælingum eins vetrar hvort þær aðgerðir skili árangri þar sem veðurfar er ráðandi þáttur (þ.e. fjöldi daga þar sem slitlagið er blautt og fjöldi daga þar sem stillur eru ríkjandi).



Svifryksmælir Umhverfisstofnunar við Tryggvabraut á Akureyri.

Mælingar á þungmálmum og fjölhringja arómatískum vetniskolefnum (PAH)

Fjölhringja arómatísk vetniskolefni er hópur efna sem myndast við ófullkominn bruna á lífrænu eldsneyti

Í lok ársins 2009 festi Umhverfisstofnun kaup á tækjabúnaði til mælinga á kvikasilfrí í gasfasa í andrúmslofti. Um er að ræða mjög næman tækjabúnað og eru greiningarmörk 0,1 ng/m³. Þessi búnaður er í færanlegri mælistöð og ætti að nýtast vel til að vakta bæði náttúrulegar sveiflur í kvikasilfursmagni en einnig losun frá iðnaði. Í mælistöðinni verður einnig búnaður til að mæla þungmálma og fjölhringja arómatísk vetniskolefni (PAH) í svifryki. Fjölhringja arómatísk vetniskolefni er hópur efna sem myndast við ófullkominn bruna á lífrænu eldsneyti. Hér á landi eru helstu upptök þeirra frá bruna jarðefnaeldsneytis í bílum og frá stóriðju. Sum þessara efna eru krabbameinsvaldandi og því er talið nauðsynlegt að afla upplýsinga um styrk þeirra í andrúmslofti. Litlar upplýsingar eru til um þessi efni í andrúmslofti á Íslandi og verða gögn frá þessari færanlegu mælistöð vonandi gagnleg viðbót við þá loftgæðavöktun sem fyrir er.

Mælingar á brennisteinsvetni

Á árinu 2008 voru gerðar reglulegar mælingar á brennisteinsvetni í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Niðurstöður þeirra mælinga sýndu að við ákveðin veðurskilyrði var styrkur brennisteinsvetnis allnokkur og fór t.d. einu sinni yfir heilsuverndarviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO)

og gaf því tilefni til að mæla styrk efnisins víðar. Umhverfisstofnun taldi sérstaka ástæðu til að fá upplýsingar um styrk efnisins í Hveragerði því það er sá þéttbýlisstaður sem næstur er virkjunum á Hellisheiðarsvæðinu. Stofnunin stóð að tímabundnum mælingum í bænum árið 2009. Mælirinn í Hveragerði var staðsettur í Kambahrauni, um 700 m vestan við jarðhitasvæðið í bænum. Eins og sjá á meðfylgjandi grafi mældist mestur styrkur í vestlægum vindáttum, þ.e. þegar vindur stóð af virkjanasvæðum á Hellisheiðarsvæðinu en ekki í austlægum áttum þegar vindur stóð af hverasvæðinu í bænum. Þann tíma sem mælingarnar stóðu yfir fór styrkur brennisteinsvetnis hæst í fjórðung af heilsuverndarviðmiðum WHO. Í núgildandi starfsleyfi Hellisheiðarvirkjunar sem heilbrigðisnefnd Suðurlands gefur út er kveðið á um mælingar á brennisteinsvetni á þremur stöðum í nágrenni virkjunarinnar, í Norðlingaholti, Hveragerði og á Hellisheiði.

Varnaðarmerktar efnavörur

Í maí 2010 var gefin út skýrslan Varnaðarmerktar efnavörur, könnun í framhaldsskólum á merkingum efnavara og á aðstöðu til að geyma og nota þær. Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 1. apríl 2008 til 31. mars 2009. Skýrslan er gerð í framhaldi af sambærilegri könnun í grunnskólum sem kom út árið 2007.

Meðal niðurstaðna könnunarinnar er að mikið vantar upp á að merkingar séu á íslensku eins og reglur kveða á um. Í undantekningartilvikum eru til staðar öryggisblöð fyrir varnaðarmerktar efnavörur. Fram kom að allir flokkar varnaðarmerktra efnavara voru til staðar í a.m.k. einum í framhaldsskóla, þ.m.t. sprengifim efni, en sprengifim efni fundust ekki í neinum grunnskóla, samkvæmt könnun frá 2007. Sérstaka athygli vekur að efni sem flokkast sem sterkt eitru, eitru eða sprengifimt efni fyrirfinnst í rúmlega helmingi þeirra framhaldsskóla sem könnunin nær til. Mun betri aðstaða reynist vera í framhaldsskólum en grunnskólum til að geyma og nota efnavörur, t.d. eru stinkskápar til staðar í langflestum framhaldsskólum sem til skoðunar voru.




Útstreymisbókhald

Í október 2008 kom út ný reglugerð um útstreymisbókhald (nr. 990/2008) sem er byggð á reglugerð Evrópusambandsins nr. 166/2006. Tilgangur reglugerðarinnar er að safna upplýsingum yfir losun og flutning mengandi efna og m.a. gera þær upplýsingar aðgengilegar almenningi. Í viðauka við reglugerðina eru talin upp 91 efni sem ber að gera grein fyrir ef losun eða flutningur þeirra fer yfir ákveðin mörk. Skýrsla um losun á Íslandi fyrir 2007 var skilað til Evrópusambandsins sumarið 2009 og hægt er að finna niðurstöðurnar ásamt skilum frá öðrum Evrópuþjóðum á vefsvæði, sjá mynd að ofan.

Upplýsingar um sjö fyrirtæki á Íslandi eru í gagnagrunninum. Gera má ráð fyrir að töluvert fleiri íslensk fyrirtæki bætist við í gagnagrunninn á næsta ári þar sem ný reglugerð um útstreymisbókhald hafði ekki tekið gildi. Vegna þess eru tölur frá þessum fyrirtækjum annað hvort byggðar á eldri útstreymisreglugerð eða grænu bókhaldi frá þeim.

Verndun ósonlagsins

Umhverfisstofnun hefur séð um fræðslu og upplýsingamiðlun til notenda á kælimiðlum í kæli- og varmadælukerfi og frystibúnaði. Árið 2009 er



Meðalstyrkur brennisteinsvetnis í mismunandi vindáttum í Hveragerði dagana 27. febrúar til 24. mars 2009. Sýndar eru mælingar við vindhraða >3 m/s. Tölur á ásunum eru meðalstyrkur brennisteinsvetnis í µg/m³ í viðkomandi vindátt. Miðja vindrósarinnar sýnir staðsetningu mælisins í bænum.

sérstakt að því leyti að það var síðasta árið sem gefinn var út kvóti á innflutning á nýframleidd ósoneyðandi kæliefni, samanber ákvæði í reglugerð um efni sem valda ósoneyðingu. Á sama tíma var unnið að undirbúningi og birtingu ýrrar reglugerðar Evrópusambandsins um verndun ósonlagsins, sem tók gildi 1. janúar síðastliðinn. Helstu nýmæli í henni sem snerta Ísland er að ekki verður lengur heimilt að flytja inn endurnýtt ósoneyðandi kælimiðla, lokadagsetningar eru settar á notkun á halón-slökkviefnum í flugvélum og ekki verður lengur heimilt að nota ósoneyðandi efni í kæli- og frystibúnaði eftir 2019.

Reglugerð ESB um flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir

Sumarið 2009 samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, sem veitir lagastoð fyrir innleiðingu á svokallaðri F-gas reglugerð Evrópusambandsins um flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir til notkunar í iðnaði. Undir reglugerðina fellur öll notkun á vetnisflúorokolefniskælimiðlum í kæli- og varmadælubúnaði, ásamt SF6 sem notað er í spennivirkjum vegna flutnings raforku. Þegar F-gas reglugerðin gengur í gildi mun hún hafa mikil áhrif á umhverfi þeirra sem starfa í kæli- og frystiðnaðinum og reka slíkan búnað. Helstu nýmæli í reglugerðinni eru kerfisbundin lekaleit og skylda til viðgerða, merking kerfa, lágmarkskröfur til starfsmanna og starfsmenn og fyrirtæki þurfa að fá vottun um hæfni sína til að nota þessar lofttegundir.

Skýrsla um losun mengandi efna á Íslandi fyrir 2007 var skilað til Evrópusambandsins sumarið 2009 og hægt er að finna niðurstöðurnar ásamt skilum frá öðrum Evrópuþjóðum á vefsvæði



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

GERA UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL
AÐGENGILEGAR ALMENNINGI OG HAGSMUNAAÐILUM
OG GERA ÞEIM ÞANNIG KLEIFT AÐ HAFA ÁHRIF Á
UMHVERFI SITT



UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL

Upplýsingatækni

Umhverfisstofnun bætti þjónustu sína á sviði upplýsingamála á árinu 2009. Stofnunin sendi út fundi í beinni útsendingu sem eru einnig aðgengilegir á vef stofnunarinnar að þeim loknum. Þá voru námskeið, fyrirlestrar og starfsmannafundir sendir út í gegnum netið.

Umhverfisstofnun sendi út málþing um hljóðvist í leik- og grunnskólum í beinni útsendingu

Umhverfisstofnun sendi út málþing um hljóðvist í leik- og grunnskólum í beinni útsendingu. Almennangi bauðst að sækja fundinn í gegnum vefinn á rauntíma. Upplýsingar sem koma fram á fundum hafa hingað til að aðeins náð til þeirra sem höfðu tök á að mæta á fundinn. Nú geta allir sótt sér þær upplýsingar hvenær sem er.

Sama tækni var notuð til þess að gera starfsmönnum stofnunarinnar kleift að taka þátt í fundum hvar sem þeir eru staddir, svo fremi að þeir séu með nettengingu. Umhverfisstofnun er með starfsstöðvar um allt land og tekur þátt í umfangsmiklu, erlendu samstarfi, m.a. vegna EES-samningsins. Þessi tæknilausn er mikilvægt skref fyrir stofnunina til að stytta fjarlægðir og auka upplýsingastreymi. Starfsmenn sem ekki komast á fundi geta horft á þá á netinu síðar.

Þessi nýjung hefur mælst vel fyrir og verður nýtt í auknum mæli á næstunni. Hingað til hefur aðeins verið hægt að taka þátt í vinnufundum í gegnum síma. Lifandi myndir bæta við það sem sagt er. Fleiri geta nú sótt fundi en áður og líklegt má telja að með þessu lækki kostnaður vegna ferða.

Ör þróun, bæði í tækni og hugbúnaði, gerir kleift að miðla myndefni í rauntíma með einföldum og ódýrum hætti

Ör þróun, bæði í tækni og hugbúnaði, gerir kleift að miðla myndefni í rauntíma með einföldum og ódýrum hætti. Líklegt er að sú þróun muni halda áfram og að fleiri og betri valmöguleikar muni standa til boða á næstu misserum. Þessi tæknilausn krefst aðeins góðrar vefmyndavélar og ókeypis hugbúnaðar á netinu.

Liflegur ársfundur og eftirsótt ársskýrsla

Fullt var út úr dyrum á ársfundi Umhverfisstofnunar sem var í senn fróðlegur og skemmtilegur. Flutt voru fjölmörg erindi um hin margvíslegu verkefni stofnunarinnar. Fyrirkomulag fundarins var með



þeim hætti að flutt voru 17 stutt erindi, um fimm mínútur hvert. Tvær meginástæður lágu að baki því að hafa svo mörg stutt erindi, annars vegar að sú að Umhverfisstofnun sinnir mjög mörgum málaflokkum og hins vegar var þetta gert til þess að fundurinn yrði liflegur. Vegna fjölda verkefna sem Umhverfisstofnun sinnir hafa liðið mörg ár milli þess sem fjallað var um hvert og eitt á ársfundum stofnunarinnar. Liflegar umræður fóru fram að loknum erindum þar sem fundargestum gafst færi á að spyrja um málefni Umhverfisstofnunar. Spurt var m.a. um brennisteinsvetni, bindingu gróðurhúsalofttegunda og vatnshlot, svo eitthvað sé nefnt.

Á fundinum kom út ársskýrsla stofnunarinnar sem hafði verið gjörbreytt frá því sem var árin á undan. Ákveðið var að gera skýrsluna ítarlegri í máli og myndum. Tölfræði og fróðleiksmolum um umhverfismál var dreift um skýrsluna til að auka upplýsingagildi hennar. Skýrslan endurspeglar nú betur það fjölbreytta starf sem unnið er hjá stofnuninni. Hún var prentuð í fleiri eintökum en árin á undan en var svo eftirsótt á fundinum og dagana á eftir að upplagið kláraðist. Þótt næg eftirspurn væri til staðar var ekki talið forsvaranlegt að endurprenta skýrsluna. Hana má nálgast í rafrænu formi á vef Umhverfisstofnunar.

Kynningarfundir

Opnir kynningarfundir eru mikilvægur þáttur lýðræðis og góðrar stjórnsýslu. Umhverfisstofnun telur að kynningarfundir hafi gefið góða raun og hyggst halda slíka fundi um fleiri mál á næstu misserum. Á árinu 2009

voru haldnir opnir fundir í fyrsta skipti um friðlýsingar og var almenn ánægja með þá nýbreytni.


Umhverfisstofnun heldur árlega fjölda kynningarfunda um margvísleg málefni. Opnir fundir eru liður í upplýsingamiðlun stofnunarinnar um mikilvæg mál. Slíkir fundir eru hluti af auglýsingaferli starfsleyfa, þar sem kynnt eru ákvæði starfsleyfis og almenningi gefst færi á að nálgast upplýsingar og koma athugasemdum á framfæri. Umhverfisstofnun tekur afstöðu til athugasemda sem berast stofnuninni og eru þær mikilvægur liður í gerð starfsleyfa. Oft er ákvæðum starfsleyfa breytt vegna athugasemda, t.d. kröfur hertar um mengunarvarnir til þess að draga úr óþægindum fyrir þá sem búa í nálægð við iðnað.

Afar misjafnt er hversu margir mæta á kynningarfundi, allt frá örfáum til hundruða manna. Umdeild mál og þau sem hafa bein áhrif á afkomu eða lífsgæði fólks laða fleiri að. Umhverfisstofnun auglýsir kynningarfundi og leggur áherslu á að ná til þeirra sem næst standa því málefni sem um ræðir. Yfirleitt er auglýst í staðarblaði eða með öðrum hætti sem nær til íbúa þess svæðis sem verða fyrir áhrifum. Í stærri málum, sem varða fleiri en íbúa tiltekens svæðis eða sérstakur áhugi er á, eru fundir auglýstir í landsmiðlum og jafnvel haldnir fleiri fundir.


Umhverfisstofnun auglýsir kynningarfundi og leggur áherslu á að ná til þeirra sem næst standa því málefni sem um ræðir

SJÁLFBODALIÐAVIKUR

Sjálfbodaliðar Umhverfisstofnunar skila árlega mörg hundruð vinnuvikum í þágu náttúruverndar á Íslandi. Mikil fjölgun hefur verið meðal sjálfbodaliða á undanförunum árum eins og sjá má af meðfylgjandi línuriti. Aðalverkefni sjálfbodaliðanna er viðhald og lagfæring á göngustígum. Meðal annarra verkefna er að lagfæra steinhlaðna stíga, niðurföll meðfram stígum og smíði viðarbrúa yfir þá. Samhliða áframhaldandi vinnu við fyrri verkefni hafa ný verkefni bæst við.



SKILASKYLDUR
EVROPURÍKJA Á
UPPLÝSINGUM TIL
ALÞJÓÐASAMNINGA



Heimurinn minn

Á vefnum Heimurinn minn er boðið upp á fræðsluefni í umhverfismálum fyrir grunnskólanemendur

Sumarið 2009 var vefurinn Heimurinn minn (heimurinn.is) lagfærður en vefurinn hafði verið óvirkur að hluta í tvö ár. Á vefnum er boðið upp á fræðsluefni í umhverfismálum fyrir grunnskólanemendur. Vefnum er skipt upp í þrjú stig fyrir mismunandi aldurshópa. Fyrir hvern aldurshóp er fræðsluefni þar sem krafist er þátttöku nemandans. Sem dæmi geta nemendur af yngsta stigi parað saman dýr við rétt umhverfi og nemendur á efsta stigi geta reiknað út vistspor sitt með því að skrá nokkrar forsendur um sjálfa sig.

Heimurinn minn var gerður í samvinnu Námsgagnastofnunar og Umhverfisstofnunar

Vettvangsnám er í boði, dæmi um slík verkefni eru mælingar og áætlun á eigin vatnsnotkun og verkefni þar sem nemendur fara í fjöruferð. Þemaverkefni eru í boði fyrir efsta stig þar sem farið er yfir orkumál, friðlýst svæði, andrúmsloftið og fleira. Að auki er á vefnum orðalisti með umhverfistengdum orðum og hægt er að setja inn fréttir.

Lífgað var upp á vefinn með hljóði, myndum og tali. Hann var gerður í samvinnu Námsgagnastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Alþjóðlegt samstarf um miðlun umhverfisupplýsinga


Ísland er aðili að 22 alþjóðasamningum á sviði umhverfismála. Aðild að þessum samningum felur í sér virka þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á ýmsum sviðum umhverfismála og hefur í mörgum tilvikum haft mótandi áhrif á þróunina hér á landi. Einn liður þessa samstarfs er að það hvílir á íslenskum stjórnvöldum sú skylda að upplýsa reglulega um framkvæmd viðkomandi samninga hér á landi, ástand mála og um árangur hugsanlegra aðgerða til þess að uppfylla markmið þeirra. Á meðfylgjandi mynd má sjá upplýsingar um tíðni slíkrar upplýsingagjafar. Ísland hefur skráðar 237 skilaskyldur á umhverfisupplýsingum til alþjóðasamninga og stofnana á heimasiðu Umhverfisstofnunar Evrópu. Fyrir árið 2010 eru skilaskyldurnar liðlega 60.

Ísland á einnig aðild að samstarfi Evrópuþjóða á sviði umhverfisupplýsinga innan Umhverfisstofnunar Evrópu en meginmarkmið stofnunarinnar er að gefa út skýrslur um ástand og horfur á hinum ýmsu sviðum umhverfismála. Til gagnaöflunar hefur stofnunin byggt upp tengslanet sérfræðinga innan landanna auk þess að nýta framangreind gögn sem send eru til



alþjóðlegra samninga og stofnana. Sýnileiki Íslands í alþjóðlegum samantektum og samanburði er að stórum hluta háður því að hve miklu leyti íslenskar stofnanir sinna því verkefni að taka saman gögn og gera þau aðgengileg. Í því samhengi má benda á fjölmargar skýrslur Umhverfisstofnunar Evrópu, ástandsskýrslur Heimskautaráðsins og OSPAR-samningsins. Umhverfisstofnun Evrópu tekur árlega saman töflur um heimtur þeirra upplýsinga sem stofnunin hefur sem sitt áherslusvið. Heimturnar taka bæði til skilaárangurs og gæða gagna. Meðfylgjandi mynd sýnir heimtur á gögnum til stofnunarinnar frá Íslandi frá aldamótum. Myndin sýnir bætta árangur á tímabilinu en einnig að árvekni er nauðsynleg til að viðhalda árangrinum. Það er líklegt að til þess að bæta árangur verulega til framtíðar þurfi að leggja aukna áherslu á gæði gagnanna. Tímabært er því orðið að setja upplýsingamál á umhverfissviði á dagskrá og fara yfir áherslur og setja markmið um söfnun, varðveislu, úrvinnslu og birtingu gagna sem notaðar eru og verða til þess að meta ástand og þróun umhverfismála hér á landi.

GAGNASKIL ÍSLANDS



VEFSVÆÐI
UMHVERFISSTOFNUNAR

Heimsoðnir á vef Umhverfisstofnunar voru um 141.500 á árinu 2009 sem er sami fjöldi heimsoðna og árið á undan og árið þar á undan. Matvælasvið stofnunarinnar varð að Matvælastofnun árið 2008 sem gæti hafa haft áhrif á fjölda heimsoðna og má af því draga þá ályktun að þeim hafi fjölgað í raun á milli 2007 og 2008 en svo staðið í stað. Daglegir notendur vefsvæðisins eru rétt tæplega 400 talsins að meðaltali yfir árið. Mest er vefurinn

notaður fyrri hluta árs í kringum úthlutun veiðileyfa og skil veiðiskýrslna en minnst yfir sumartímann og hátíðarnar í desember.

Nýjar síður um m.a. akstur utan vega, REACH og líffræðilega fjölbreytni voru settar upp á árinu. Vefur Umhverfisstofnunar hefur að geyma mikið af upplýsingum um hina margvíslegu málaflokka stofnunarinnar. Vefurinn býður nú upp á RSS þjónustu sem margir vefnotendur nýta sér.





UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

VINNA AÐ VERND, VIÐHALDI,
ENDURHEIMT OG NÝTINGU ÞEIRRA
AUÐLINDA SEM FELAST Í NÁTTÚRU
ÍSLANDS BYGGÐ Á SJÓNARMÍÐUM
UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ,
VARÐVEISLU JARÐMYNDANA OG
LANDSLAGSHEILDA



VERND, VIÐHALD, ENDURHEIMT OG NÝTING NÁTTÚRU ÍSLANDS



Lokið við verndaráætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

Á árinu 2009 lauk vinnu við verndaráætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Markmið áætlunarinnar er að tryggja vernd náttúru- og menningarminja. Í þessu felst m.a. að náttúra þjóðgarðsins fái að þróast eftir eigin lögmálum eins og kostur er, um leið og almenningi er gert kleift að njóta þess sem svæðið hefur upp á að bjóða. Fleiri ferðamönnum fylgir aukið álag á náttúruna og eykur það þörfina á skipulagi vegna verndunar innan þjóðgarðsins. Verndaráætlunin felur í sér stefnumörkun til framtíðar. Framkvæmdáætlun, sem lýsir þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að framfylgja markmiðum verndaráætlunarinnar, var unnin samhliða. Verndaráætlun felur því ekki einvörðungu í sér stefnumörkun til framtíðar heldur er hún einnig stjórnþæki sem tekur m. a. á landvörslu, skipulagi, vernd og stjórnun.

Vinna við verndaráætlunina hefur tekið langan tíma. Áætlunin er send ráðherra til staðfestingar. Verndaráætlunin ber með sér leiðir til að ná settum markmiðum en auk þess fylgja fimm viðaukar með áætluninni. Þeir eru verkefnaáætlun og framkvæmdáætlun ásamt köflum um jarðfræði, lífríki og menningarminjar í þjóðgarðinum. Margir komu að vinnu við verndaráætlunina og var leitað álits opinberra aðila og almennings við gerð hennar.

Jarðfræðileg fjölbreytni

Umhverfisstofnun hélt málþing um jarðfræðilega fjölbreytni og landslag í nóvember. Markmið málþingsins var að vekja athygli á þessum málaflokkum á Íslandi og leggja mat á verndargildi hans. Ísland býr yfir mikilli fjölbreytni á þessu sviði þar sem eldur og ís hefur mótað landið í gegnum aldir. Samspil þessara landmótandi þátta hefur skapað umhverfi sem er að mörgu leyti mjög sérstakt. Töluvert hefur verið gengið á þessa náttúruauðlind á undanförunum

áratugum, m.a. vegna framkvæmda og aukins fjölda ferðamanna, og því þarf að gæta betur að landslagi og jarðfræðilegri fjölbreytni í framtíðinni. Einnig er lýðræðisleg umræða um verndargildi landslags og jarðminja ein af forsendum sáttar um náttúruvernd og nýtingu. Á málþinginu var farið yfir heildarmynd málaflöksins og í fyrirlestrum fjallað um einstök fyrirbæri svo sem jarðhitasvæði, eldstöðvar og eldstöðvakerfi, laus jarðlög, steinaríkið og fleira. Sérstaklega var fjallað um jarðminjagarða (Geoparks), markmið þeirra og möguleika á stofnun slíkra garða á Íslandi. Málþingið var vel sótt og má nálgast upptöku af því á vef Umhverfisstofnunar.

Mat á umhverfisáhrifum

Markmið laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sbr. lög nr. 74/2005, er m.a. að tryggja að, áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, viðkomandi framkvæmd hafi farið í mat á umhverfisáhrifum og að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum hennar.

Í umsögnum eru aðaláherslur Umhverfisstofnunar að mestu leyti tengdar athugun á áætlaðri staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar, þ.e. hvort verið sé að ganga á náttúruminjasvæði, hvort sem það eru friðuð svæði, svæði á náttúruminjasvæði eða svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum

eða svæði með lykilvistkerfum sem stjórnvöld vilja ekki ganga á, s.s. upprunalegan birkiskóg. Umhverfisstofnun fylgist einnig með hvort gengið sé á almennarétt sem tryggður er í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Jafnframt er skoðað hvort mengun verði á láði, lofti eða legi og hvort hún fari yfir sett

mörk. Sjónræn áhrif á ásynd og útivistargildi eru líka mikilvægir þættir sem eru skoðaðir.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er fjallað um þau tilvik þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri. Þá getur

EYÐING LÚPÍNU Í SKAFTAFELLI

Mikil vinna hefur verið lögð í að hefta útbreiðslu lúpínu í Skaftafelli, innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Þrátt fyrir það hefur lúpínan sótt þar á. Stærsta vandamálið eru lúpínubreiður í Morsárdal við Bæjarstaðarskóg. Árið 2009 hófu sjálfbóðaliðarhópar á vegum Umhverfisstofnunar nýtt átaksverkefni í Skaftafelli í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð, Háskóla Íslands og sjálfbóðaliðasamtökin SEEDS. Tilgangur þessa verkefnis var að safna upplýsingum um útbreiðslu lúpínunnar og setja aukinn kraft í eyðingu hennar.

Rannsóknarsvæðið í Morsárdal var skilgreint og er stærð þess 6 km². Tilgangur skilgreiningarinnar var að skapa jaðarsvæði

milli þess svæðis þar sem lúpínuna er aðallega að finna í austurhluta Morsárdals og Skaftafellsheiðar. Með því að uppræta plöntur af jaðarsvæðinu stendur von manna til þess að hefta útbreiðsluna inn á Skaftafellsheiði og önnur nærliggjandi svæði. Rannsóknarsvæðinu var skipt í eins hektara reiti og var gengið um reitina, hver planta skráð inn í staðsetningartæki en hún síðan upprætt. Til viðbótar við framangreinda reiti einbeittu sjálfbóðaliðar sér að bökkum Morsár og Skeiðarár þar sem fjöldi lúpínuplantna hafði vaxið. Bendir allt til þess að Morsá og Skeiðará beri töluvert með sér af fræjum niður ána sem ná fótfestu á bökkum ána.

Til að kanna virkni nokkurra aðferða við að fjarlægja lúpínu voru settir upp



tilraunareitir þar sem mismunandi aðferðum við eyðingu lúpínu var beitt. Áhugavert verður að fylgjast með þróun þessara tilraunareita á komandi vori enda er gert ráð fyrir framhaldi þessa verkefnis í sumar.

Fleiri ferðamönnum fylgir aukið álag á náttúruna og eykur það þörfina á skipulagi vegna verndunar innan þjóðgarðsins

Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að upplýsa almenning um heildaráhrif framkvæmdarinnar

Skipulagsstofnun, að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaaðila og leyfisveitendur, ákveðið að umhverfisáhrif skuli metin sameiginlega. Sú var niðurstaðan vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Kröflu, Þeistareykjum, Álverinu við Bakka og flutningslínun milli virkjananna og álversins. Frummatsskýrsla er í vinnslu hjá framkvæmdaaðila þegar þetta er ritað en Umhverfisstofnun lagði áherslu á það í umsögn sinni um tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar, að metin verði bæði samlegðaráhrif og sammögnunaráhrif. Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að upplýsa almenning um heildaráhrif framkvæmdarinnar þó svo að viðkomandi umhverfisáhrif séu staðbundin og tengist ekki. Með þessu fæst yfirsýn yfir heildaráhrif framkvæmdanna.

Umsagnir um aðalskipulag sveitarfélaga

Samkvæmt náttúruverndarlögum skal leita eftir umsögn Umhverfisstofnunar við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana. Einnig skal leita umsagnar eða áhlits Umhverfisstofnunar við verulegar breytingar á aðalskipulagi. Í mörgum tilfellum á Umhverfisstofnun fundi með ráðgjöfum sveitarfélaga við gerð skipulags þar sem stofnunin getur á vinnslustigi komið með ábendingar áður en skipulagið er sent til kynningar. Að mati Umhverfisstofnunar hefur slíkt gefist vel og gagnkvæmur skilningur ríkt.

Líkt og með umhverfismat framkvæmda leggur stofnunin áherslu á nokkra þætti við gerð umsagna um skipulagsmál. Ber helst að nefna hvort á svæðinu séu verndarsvæði sem nauðsynlegt þykir að takmarka landnotkun á, til dæmis á friðlýstum svæðum. Einnig er kannað hvaða svæði á náttúruminjaskrá lenda innan viðkomandi sveitarfélags og hvort tillagan sé í samræmi við stefnumótun íslenskra stjórnvalda hvað varðar lykilstærkerfi eins og upprunalegan birkiskóg. Ennfremur er skoðað hvort í tillögunni felist áætlun um mengandi starfsemi, hvaða mótþvægisáðgerðir eru áætlaðar og hvort í tillögunni felist skerðing á útivistar- og verndargildi svæða. Umhverfisstofnun hefur einnig lagt áherslu á að vernda landslagsheildir til dæmis gíg, hrauntröð og hraunbreiður.

Verndargildi háhitasvæða í Níkaragúa

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) hefur á undanförunum árum unnið að þróunaraðstoð við Níkaragúa í tengslum við orkuvinnslu á háhitasvæðum. Stjórn verkefnisins er í höndum Íslenskra orkurannsóknna (ÍSÖR) en Umhverfisstofnun hefur tekið þátt í verkefninu frá árinu 2007. Sá þáttur sem stofnunin hefur haft umsjón með snýst um mat á verndargildi háhitasvæða í Níkaragúa og hvernig slíkt mat myndi nýtast umhverfisráðuneytinu í Níkaragúa (MARENA) við leyfisveitingar vegna



Friðlýst svæði laða að sér ferðamenn. Vegna stórauðs fjölda ferðamanna er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir það álag sem hvílir á einstökum svæðum

nýtingu jarðvarma til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum. Aðkomu Umhverfisstofnunar lauk árið 2009. Verkefni stofnunarinnar skiptist í þrjú áfangi. Í maí 2007 fór sérfræðingur frá Umhverfisstofnun, ásamt sérfræðingum frá ÍSOR og Skipulagsstofnun, í heimsókn til Níkaragúa og á vinnufundi þar sem greint var frá hvernig staðið er að málum á Íslandi og farið yfir þarfir MARENA. Niðurstaða vinnufundarins var m.a. að það myndi gagnast MARENA að meta verndargildi háhitasvæða í Níkaragúa og nýta niðurstöðurnar við ákvarðanir um orkuvinnslu á svæðunum. Umhverfisstofnun tók að sér að fylgja þessum hluta verkefnisins eftir. Frekari grunnur fyrir þessa vinnu var lagður í heimsókn til Níkaragúa í nóvember 2008 og svo á fundi hér á Íslandi með fulltrúa frá MARENA í september 2009. Ákveðið var að halda vinnufund í Níkaragúa í nóvember 2009 þar sem farið var yfir aðferðafræði við samanburð á verndargildi svæða. Á vinnufundinum var aðferðafræði við að bera saman verndargildi mismunandi svæða kynnt og voru þátttakendur í vinnufundinum síðan látnir nota aðferðina á tvö háhitasvæði í Níkaragúa. Þátttakendur í vinnufundinum voru alls 12, bæði frá umhverfisráðuneytinu í Managúa og frá svæðisskrifstofum þess og tóku allir virkan þátt. Verkefninu lauk svo með skýrslu til ÞSSÍ og gerð stutts leiðbeiningabæklings um hvernig nota skuli þá aðferðafræði sem kynnt var. Það var samdóma álit þeirra sem þátt tóku í vinnufundinum að hann hefði bæði verið mjög gagnlegur og fróðlegur.

Fræðsla á friðlýstum svæðum


Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með friðlýstum svæðum. Uppsetning skilta, göngustígagerð, útgáfa bæklings og fræðsluefnis á veraldarvefnum, landvarsla og rekstur gestastofa eru helstu verkfærin sem stofnunin nýtir sér til að koma fræðslu til almennings.

Friðlýst svæði laða í mörgum tilfellum að ferðamenn. Vegna stórauðs fjölda ferðamanna er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir það álag sem hvílir á einstökum svæðum. Auka þarf fræðslu um hvaða umgengisreglur skulu hafðar í heiðri innan friðlýstra svæða. Ferðamenn sem komu til Íslands með flugi eða ferju á tímabilinu september 2008 til ágúst 2009 voru rétt um 500.000 samkvæmt skýrslu sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun árið 2009. Á þessu 12 mánaða tímabili ferðaðist um 70% ferðamanna að Gullfossi eða 353.000 manns, 25% að Mývatni eða 126.000 manns, 15% að Dyrhólaey eða 73.000 manns, 13% í Landmannalaugar eða 67.000 manns og 11% í Þjóðgarðinn Snæfellsjökul eða 55.000 manns. Þá er áætlað að 0,8% erlendra sumargesta árið 2009 hafi lagt leið sína á Hornstrandir eða um 2.000 manns. Hér eru ekki taldir með þeir ferðamenn sem ferðuðust til landsins með skemmtiferðaskipum.

Friðlýst svæði

Átta nýjar friðlýsingar litu dagsins ljós á árinu og nutu því 102 svæði friðunar á grundvelli laga um náttúruvernd eða sérstakra laga í lok árs. Þorri

ERLENDIR FERÐAMENN



svæðanna, eða 98, voru friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd. Þar af er einn þjóðgarður, 40 friðlönd, 35 náttúruvætti, 19 fólkvangar og 2 búsvæði. Fjögur svæði lúta sérköngum en það eru Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Vatnajökulsþjóðgarður, Breiðafjörður og loks Mývatn, Laxá og vatnsverndarsvæði Mývatns. Samtals ná friðlýst svæði á Íslandi yfir um 22.424 km². Til viðbótar við friðuð svæði þá njóta 31 plöntutegund friðunar ásamt einni lífveru, kúluskít og ein jarðmyndun, dropsteinar er friðlýst í þeim hellum landsins sem hún finnst. Á friðlýstum svæðum á vegum Umhverfisstofnunar starfa sérfræðingar á



fjórum stöðum á landsbyggðinni. Í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli starfa tveir starfsmenn, þjóðgarðsvörður og sérfræðingur. Þá starfa þrjú sérfræðingar á öðrum friðlýstum svæðum, einn á Ísafirði fyrir friðlandið á Hornströndum, annar í Mývatnssveit og sá þriðji í Vestmannaeyjum fyrir friðlandið í Surtsey. Alls störfuðu 15 landverðir fyrir Umhverfisstofnun á árinu á 20 svæðum.

Ný náttúruverndaráætlun fyrir árin 2009-2013 var lögð fyrir Alþingi á haustmánuðum 2009 og var samþykkt í byrjun árs 2010. Í áætluninni er lagt til að 13 ný svæði verði friðlýst en í henni er megináhersla lögð á að friða sjaldgæfar plöntur og vaxtarsvæði þeirra. Ráðgert er að friðlýsa 24 tegundir háplantna, 45 tegundir mosa, 90 tegundir fléttna og þrjár tegundir hryggleysingja. Auk þess er lagt til í fyrsta sinn að friðuð verði búsvæði sjaldgæfra hryggleysingja og sérstakra vistgerða.



EFNISTAKA TIL EIGIN NOTA

Í náttúruverndarlögum er fjallað um heimild til efnistöku. Hin almenna regla er sú að leita skuli leyfis hlutaðeigandi sveitarstjórnar fyrir allri efnistöku á landi og af eða úr hafsbótmi. Á þessu er þó gerð undantekning, þ.e. umráðamanni eignarlands er heimil án leyfis minni háttar efnistöku til eigin nota nema þar sem fyrirfinnast

jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, t.d. eldhraun og eldvörp. Lítil námuvik og grúsir má finna við flest lögbýli á landinu. Við efnistöku eru iðulega notaðar sömu vélar og nýttar eru við hefðbundinn landbúnað og efnistöku til mannvirkjagerðar af eiganda.

Árið 2009 vann Umhverfisstofnun fræðsluáætlun fyrir árin 2010-2014 sem verður hryggjarstykkið í áætlun stofnunarinnar um að auka fræðslu á friðlýstum svæðum. Fjöldmörg svæði státa nú af góðum upplýsingabæklingum og á árinu hafa verið gefnir út 17 bæklingar á fjórum tungumálum. Þar að auki voru gerð sjö stór aðkomu- og fræðsluskilti og stefnt er að því að gera 17 skilti til viðbótar árið 2010. Samkvæmt fræðsluáætlun munu öll svæði sem eru í umsjón Umhverfisstofnunar á næstu fjórum árum verða merkt með aðkomu- og fræðsluskiltum á íslensku og ensku. Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að upplýsingar um náttúruferðir og umgengisreglur svæðanna nái jafnt til erlendra sem innlendra ferðamanna.

Svæðalandvarsla á miðhálandinu

Á árinu ákvað Umhverfisstofnun að auka landvörslu á svæðum í umsjón stofnunarinnar. Ljóst var að mikil þörf var á eftirliti með hálandissvæðum í kringum Hofsjökul. Var því af ráðið að skipuleggja


svæðalandvörslu á þremur svæðum á miðhálandinu þ.e. á Hveravöllum, í Þjórsárverum og í Guðlaugstungum. Landverðirnir voru tveir og unnu í samtals 12 vikur á svæðunum. Aðsetur þeirra var á Hveravöllum.

Helstu verkefni landvarða á svæðinu voru eftirlit og í framhaldi af því skýrslugjöf til Umhverfisstofnunar um ástand svæðanna auk minniháttar viðhalds. Fljótlega varð ljóst að næg vinna var fyrir landverðina á Hveravöllum einum. Göngustígar sem liggja um hverasvæðið þar voru að einhverju leyti endurnýjaðir en einnig voru nýir lagðir þar sem vart var við álagseinkenni. Vegna mikils álags var einnig bætt við palla og tröppur við baðlaugina á Hveravöllum. Reynslan sýndi að nauðsynlegt var einnig að hafa eftirlit með friðlandinu í Þjórsárverum ekki síst vegna aksturs utan vega. Vegna endurtekinnna brota á reglum um akstur innan friðlandsins varð nauðsynlegt að loka með kaðli og skiltum þar sem akstursleiðir inn í friðlandið enda að austan- og vestanverðu. Höfðu þá Umhverfisstofnun borist ábendingar frá göngufólki um hjólför innan friðlandsins þar sem enginn vegur var. Friðlandið í Guðlaugstungum virðist verja sig vel gegn ágangi ferðamanna. Lítið var um ummerki um akstur utan vega eða önnur brot á friðlýsingarákvæðum svæðisins. Lokið var við að útbúa aðkomuskilti fyrir svæðið og verða þau sett upp í byrjun sumars 2010 við þrjár helstu leiðir inn í friðlandið.

Akstur utan vega

Sífelld meiri áhersla er lögð á að vinna gegn akstri utan vega og má merkja það í starfi Umhverfisstofnunar. Fjölþætt starf er í gangi sem byggir á vinnu þriggja hópa. Fyrst má nefna vinnuhóp á vegum umhverfisráðuneytis sem hóf störf í byrjun árs 2008 og hefur það hlutverk að móta tillögur um hvaða vegir og slóðar á miðhálandi Íslands sem eru utan vegakerfis Vegagerðarinnar skulu teljast til leyfilegra vega eða slóða. Sú vinna tekur mið af ákvæðum í náttúruverndarlögum um bann við akstri utan vega og er í samráði við sveitarfélög landsins og hagsmunaaðila um hvaða leiðir skulu lokaðar til frambúðar eða tímabundið. Kortlagning slóða og samráðsferli er tímafrekt en mun að líkindum ljúka á næsta ári.

Annar hópur kallast Samráðshópur um fræðslu um bann við utanvegaakstri og hóf störf í byrjun árs 2009. Hópurinn skipa fulltrúar helstu ríkisstofnana og hagsmunasamtaka sem tengjast málefnum. Samráðshópurinn hefur fundað reglulega og unnið að áætlunum og fræðsluverkefnum sem miða að því að draga úr akstri utan vega. Aðalverkefnið er samstarf við Vegagerðina, bílaleigur og tryggingafélög um uppsetningu á 10 fræðsluskiltum við helstu innkomuleiðir inn á hálandi Íslands. Á næstu



árum er áætlað að setja upp skilti á 20 stöðum til viðbótar. Annað verkefni samráðshópsins er skipulag hálandiseftirlits sem miðar að samstarfi um fræðslu og skráningu á akstri utan vega, á vegum Slysavarnarfélagssins Landsbjargar, lögreglu, Umhverfisstofnunar og Landhelgisgæslunnar. Þá hefur Umhverfisstofnun búið til sérstök eyðublöð og leiðbeiningar fyrir t.d. landverði til að skrá og tilkynna akstur utan vega til lögreglu og Umhverfisstofnunar. Einnig hefur boðskap gegn akstri utan vega verið komið á framfæri með fræðsluefni (spjald á stýri bifreiða) sem fylgir flestum bílaleigubílum. Sumarið 2009 gáfu Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneytið út bækling á fjórum tungumálum sem var dreift m.a. á bílaleigum og algengum ferðamannastöðum. Samráðshópurinn hefur fengið umboð frá umhverfisráðherra fyrir áframhaldandi starfi næstu ár. Loks hefur upplýsingum um akstur utan vega verið komið á framfæri á vefsvæði Umhverfisstofnunar.

Í kjölfar vettvangsferðar í Reykjanesfólkvang sumarið 2009 skipaði umhverfisráðherra aðgerðateymi til að koma á átaki til að verja viðkvæma náttúru Reykjanesfólkvangs fyrir skemmdum af völdum aksturs utan vega, en svæðið líður fyrir nálægð við aðalþéttbýlissvæði landsins. Yfirskrift átakins er Á réttri leið á Reykjanesi og leiðir Umhverfisstofnunar starf teymisins. Aðgerðateymið á að efla og samræma störf ýmissa aðila en í því sitja fulltrúar frá umhverfisráðuneytinu, Reykjanesfólkvangi, Grindavíkurbæ, sveitarfélaginu Vogum, lögreglunni á Suðurnesjum, Umhverfisstofnun og Landgræðslunni. Teyminu er m.a. ætlað að koma á samráði við hagsmunafélög, lagfæra jarðvegsskemmdir eftir akstur utan vega og sjá um lokun slóða sem óheimilt er að aka. Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, segist vona að átakið reynist árangursríkt og að það geti orðið fyrirmynd svipaðra átaksverkefna víða um land.

Gefnir voru út 17 bæklingar á árinu

Hlutverk
Umhverfisstofnun
rekur sjö
starfsstöðvar
vísvegar um landið.

Meginmarkmið verndaráætlunarinnar fyrir Mývatn og Laxá er að tryggja verndun svæðisins til frambúðar



Verndaráætlun Mývatns og Laxár

Í lok apríl 2009 voru drög að verndaráætlun fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár kynnt. Í kjölfarið var almennur kynningarfundur haldinn í Skjólbrekku. Var almenningi gefinn kostur á að gera athugasemdir við drög að verndaráætluninni. Auk þess voru drögin send til aðila sem eiga hlut að máli. Alls bárust 26 athugasemdir við drögin. Verndaráætlun hefur ekki verið samþykkt. Vinnu við hana lýkur á árinu 2010.

Meginmarkmið verndaráætlunarinnar fyrir Mývatn og Laxá er að tryggja verndun svæðisins til frambúðar þar sem sjálfbær nýting svæðisins er höfð að leiðarljósi. Verndaráætlunin leggur grundvöll að sambúð manns og náttúru á verndarsvæðinu þar sem hagsmunir landeigenda, nytjaréttihafa og annarra hagsmunaaðila fara saman. Til að meginmarkmiðin geti orðið að veruleika eru lagðar til fjölmargar aðgerðir. Í verndaráætluninni eru veittar grunnupplýsingar um núverandi ástand svæðisins, fjallað um það sem betur má fara í skipulagi þess, hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til að viðhalda og auka verndargildi svæðisins og að lokum er hlutverk starfsmanna Umhverfisstofnunar afmarkað. Stjórn og starfsemi á náttúruverndarsvæði er stór áhrifapáttur í þróun og framför svæðisins. Verndaráætlun fjallar ekki síst um þennan þátt, enda áhrifamesta verkfærið sem verndarsvæðið hefur yfir að ráða.

Helstu aðgerðir í kjölfar verndaráætlunarinnar eru:

- Gert verði áhættumat vegna hugsanlegs umhverfisslyss við Mývatn og Laxá og í kjölfarið verði samin viðbragðsáætlun þannig að hægt verði að draga úr líkum á að slík óhöpp geti átt sér stað.

- Merkar jarðmyndanir og menningarminjar innan verndarsvæðisins verði kortlagðar, úttekt verði gerð á ástandi þeirra og verndargildi metið í kjölfarið.
- Fylgst verði náið með þróun lífríkis og þeim þáttum er varða mest afkomu þess.
- Gerðar verði vöktunaráætlanir fyrir mengun vatnasviðs, plöntur á valista, gróðurframvindu, ástand göngustíga, fjölda og viðhorf ferðamanna, uppsöfnun eiturefna efst í fæðukeðjum svæðisins, ástand fiskistofna og veiðar á öllu vatnasviði Mývatns og Laxár í samræði við sérfræðinga á þessum sviðum.
- Útbreiðsla ágengra og framandi plöntutegunda verði vöktuð og þeim eytt ef þurfa þykir.
- Skilgreint verði hvaða svæði skuli vera aðgengileg almenningi og hvaða svæði á að vernda fyrir átroðningi.
- Lagt verði bann við veiðum á öllum andategundum innan verndarsvæðisins.
- Settar verði reglur um bátaumferð á ám og vötnum innan verndarsvæðisins.
- Efla landvörslu á svæðinu.
- Gerð verði öflug miðlæg heimasíða þar sem á einum stað er að finna helstu upplýsingar um verndun, friðlýsingu, náttúruvar, gönguleiðir, lýsingu á áhugaverðum stöðum, veiði, rannsóknir og fleira er tengist náttúru svæðisins.
- Auðvelt verði að koma athugasemdum og tillögum að breytingum á svæðinu til umsjónarmanna.

Svæði	Flokkur	Ástæða friðlýsingar	Flatarmál ha	
			Sjór	Land
Vatnshornsskógur	Friðland	Lífriki, birkiskógur		247,00
Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrar	Fólkvangur	Lífriki, leirur, fuglar	32,90	7,00
Hleinar að Langeyrarmölum	Fólkvangur	Jarðmyndanir, lífríki, menningarminjar	10,40	20,40
Stekkjaraun	Fólkvangur	Jarðmyndanir, lífríki, menningarminjar		15,80
Kaldárhraun og Gjárnar	Náttúruvætti	Jarðmyndanir, menningarminjar		208,90
Litlu Borgir	Náttúruvætti	Jarðmyndanir		10,60
Skerjafjörður í Garðabæ	Búsvæði	Lífriki	427,56	
Gálgahraun	Friðland	Jarðmyndanir og lífríki		108,15

Friðlýsingar á árinu 2009 voru óvenju margar

Svæði sem friðlýst hafa verið árið 2009

Umhverfisstofnun, í samræði við fagstofnanir og sveitarfélög, hefur unnið að og gengið frá friðlýsingarskilmálum fyrir 8 svæði á árinu og hefur umhverfisráðherra staðfest viðkomandi friðlýsingu. Ýmist er um að ræða svæði á grundvelli náttúruverndaráætlunar eða svæði sem viðkomandi sveitarfélaga hefur óskað eftir friðlýsingu á. Þess bera að geta að á árinu komu þrjú ráðherrar að staðfestingu friðlýsinganna, en það voru Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Svandís Svavarsdóttir. Umhverfisstofnun telur að náðst hafi góður árangur í friðlýsingum á árinu 2009.

Skógarkerfill á verndarsvæði Mývatns og Laxár

Skógarkerfill er ágeng planta af sveipjurtaætt sem sennilega var flutt sem garðplanta til landsins og hefur breiðst út frá því upp úr 1920. Plöntur eru kallaðar ágengar þegar þær verða ríkjandi og geta eytt eða útrýmt þeim gróðri sem fyrir er og ógna líffræðilegri fjölbreytni á nýjum vaxtarstað. Víða á Íslandi hefur skógarkerfillinn tekið yfir stór landsvæði. Hann þrífst mjög vel í rökum, næringarríkum jarðvegi. Þessar aðstæður eru víða á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Skógarkerfillinn hefur stungið sér niður á nokkrum tiltölulega afmörkuðum svæðum við Mývatn. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu hans og eyða honum þar sem kostur er.

Átaksverkefni Umhverfisstofnunar við eyðingu skógarkerfils á verndarsvæði Mývatns og Laxár hófst sumarið 2008. Þá var fræbanki þeirra skógarkerfilsbreiða sem voru þekktar fjarlægður. Vorið 2009 áður en varp andfugla hófst var Garðundra úðað á þekktar breiður skógarkerfils við Mývatn. Árangurinn af þessum aðgerðum var tvenns konar. Annars vegar mjög góður þar sem skógarkerfillinn var ekki ríkjandi en þar tókst að eyða um 90% af honum. Hins vegar var árangurinn ekki eins góður þar sem skógarkerfillinn var ríkjandi, þekjan þar minnkaði einungis um 20%, plönturnar voru mun ræfilslegri

heldur en þær sem voru á svæðinu áður en átakið hófst. Eftir að varpi andfugla lauk var fræbanki þeirra plantna sem eftir voru fjarlægður og plönturnar rífnar upp.

Tvö ný skógarkerfils svæði fundust í sumar. Þau voru frekar lítil og voru allar plönturnar sem þar fundust rífnar upp með rötum.

Umhverfisstofnun hefur notið ráðlegginga og aðstoðar nokkurra aðila við eyðingu skógarkerfils. Helstir eru þeir Bjarni E. Guðleifsson og Árni Einarsson, starfsmenn Landsvirkjunar í umhverfisverkefninu „Margar hendur vinna létt verk“, auk fjölmargra heimamanna. Góðar vonir standa til að geta eytt skógarkerflinum algjörlega af svæðinu. Það útheimtir hins vegar mikla vinnu, eftirlit og þolinmæði.

Rafmagnsvespa umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun hefur að leiðarljósi að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif og efla sjálfbæra þróun. Hvernig við ferðumst á milli staða hefur mjög mikil áhrif á umhverfi okkar. Á verndarsvæði Mývatns og Laxár hafði Umhverfisstofnun haft bíl yfir sumartímamann en ákveðið var á síðasta ári að kaupa rafmagnsvespu í stað þess að reka bílinn. Vespan kom á verndarsvæðið 9. júní og reyndist mjög vel allt sumarið. Hún vakti mikla og jákvæða athygli þar sem starfsmenn Umhverfisstofnunar fóru hljóðlega um vegi Mývatnssveitar við vinnu sína.

Ekki er þörf á vespunni nema yfir sumartímamann í Mývatnssveit og er hún því nýtt af starfsmönnum Umhverfisstofnunar á Akureyri utan þess tíma. Á Akureyri hefur vespan einnig vakið jákvæða athygli vegfarenda. Rafmagnsvespan stuðlar að bættu umhverfi með minni mengun og vekur fólk til umhugsunar um umhverfissvænan og hljóðlátan ferðamáta.

Útiræktun á erfðabreyttu byggi

Þann 3. mars 2009 sótti fyrirtækið ORF Líftækni hf um leyfi til Umhverfisstofnunar fyrir útiræktun á nýjum byggrykjum fyrir framleiðslu og hreinsun á Græðis-próteinum. Sótt var um leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggrykjum Golden Promise og Dimmu í tilraunareit í landi Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti og fyrirhugað að tilraunaræktun hæfist sumarið 2009 og lyki árið 2013. Stærð ræktunarsvæðis var áætluð 200 m² fyrsta árið en aukin jafnt og þétt í 10 ha. (100.000 m²) fram til ársins 2013.

Umsókn ORF Líftækni hf fór í hefðbundið kynningar- og umsagnarferli til Náttúrufræðistofnunar Íslands og Ráðgjafarnefndar um erfðabreyttar lífverur sem eru lögbundnir umsagnaraðilar. Opinn kynningarfundur var haldinn 26. maí, í Fræðagarði, fundarsal Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti. Þar komu fram kröfur um ítarlegra kynningarferli og lengri umsagnarfrest fyrir almenning. Við því var brugðist og annar fundur haldinn á Grand Hótel í Reykjavík 9. júní 2009, ásamt því að auglýstur frestur til að skila inn athugasemdum varðandi málið var framlengdur frá 28. maí til 12. júní 2009. Sérhver áfangi í umsóknarferlinu var kynntur á heimasíðu Umhverfisstofnunar, ásamt tenglum á ítarefni og fyrirlestra á kynningarfundum. Umhverfisstofnun bærust athugasemdir frá 99 einstaklingum og 28 félögum og fyrirtækjum. Einnig bærust stofnuninni undirskriftir 905 einstaklinga þar sem útgáfu leyfis til handa ORF Líftækni hf var mótmælt. Nokkrir aðilar óskuðu eftir aðgangi að umsókn og fleiri gögnum. Afhent voru ljósrit umsóknar og fleiri gögn þeim sem þess óskuðu.

Fullt var út úr dyrum á opnum fundi Umhverfisstofnunar þar sem rædd var umsókn fyrirtækisins ORF Líftækni hf varðandi leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi. Flutt voru sex erindi. Karl Karlsson, sérfræðingur Umhverfisstofnunar, rakti málsmeðferð, lagamma og önnur atriði í tengslum við umsóknarferlið. Er þetta í fyrsta skipti sem haldnir eru kynningarfundir í tengslum við slíkar umsóknir hjá Umhverfisstofnun. Fundarmenn voru þakklátir fyrir fundinn og almenn ánægja var með umræðu um þessi mál. Fram kom í máli fundarmanna að hingað til hefði umræða verið af skornum skammti og að þörf væri á ítarlegri fræðslu um málaflokkinn til almennings. Glærur frá erindi Karls og annarra framsögumanna voru settar með fréttum af fundinum á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Björn Lárus Örvar, framkvæmdastjóri og stofnandi ORF Líftækni, kynnti umsókn fyrirtækisins fyrir útiræktun á erfðabreyttu byggi. Ræddi hann m.a. fyrirkomulag ræktunarinnar og vöruna sem stefnt er að því að framleiða í kjölfar tilraunanna sem leyfi er sótt um fyrir. Einnig kynnti Björn ræktun hjá samkeppnisaðilum ORF erlendis. Eva Benediktsdóttir, formaður Ráðgjafarnefndar



um erfðabreyttar lífverur, ræddi meirihlutaálit nefndarinnar. Fór hún yfir þá þætti sem lagðir eru til grundvallar mati á slíkum umsóknum og hvert mat meirihlutans væri. Gunnar Gunnarsson, kynnti minnihlutaálit sitt gegn veitingu leyfisins. Gunnar taldi of marga óvissuþætti mæla gegn því að leyfa sleppingu í útiræktun. Lýsti hann yfir áhyggjum af því að hið erfðabreytta bygg myndi dreifast um íslenska náttúru. Jón Á. Kalmansson kynnti einnig minnihlutaálit sitt gegn veitingu leyfisins. Jón taldi nauðsynlegt að taka langa og ítarlega, lýðræðislega umræðu um þennan málaflokk áður en leyfi á borð við þetta væri veitt. Hagmunaaðilar þyrftu að vera polinmóðir á meðan slík umræða færi fram. Jón taldi að þetta mál ætti nokkuð í land til að ná því stigi að teljast hafa gengið í gegnum þroskaða umræðu sem jafnvel lyki þannig að sá málsaðili sem úrskurðað er í óhag verði sáttur og kannaðar hafi verið allar hliðar málsins. Trausti Baldursson, sérfræðingur Náttúrufræðistofnunar Íslands, kynnti umsögn stofnunarinnar vegna umsóknarinnar. Ræddi Trausti m.a. áhrif á dýr og plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands taldi engin efnisleg rök vera fyrir hendi sem mæla á móti leyfisveitingu á þessari tilraunaræktun á erfðabreyttu byggi, að viðhöfðum skynsamlegum varúðarráðstöfunum. Líflugar umræður voru að loknum erindum þar sem margir tóku til máls og



lýstu skoðunum sínum og beindu spurningum til framsögumanna. Sumir höfðu af því áhyggjur að erfðabreytt bygg yrði ræktað utandyra meðan aðrir töldu af því litla hættu. Fram komu ólík sjónarmið og vísað var í margvíslegar rannsóknir.

Þann 22. júní samþykkti Umhverfisstofnun að veita ORF Líftækni hf leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi í tilraunaskyni með ströngum skilyrðum og undir eftirliti Umhverfisstofnunar. Ljóst er að verulega skiptar skoðanir eru um hvort heimila eigi sleppingar erfðabreyttra lífvera á Íslandi. Samkvæmt gildandi lögum ber að meta hvert tilvik fyrir sig á grundvelli tiltekinna skilyrða. Grundvöllur ákvörðunarinnar byggir á túlkun gildandi laga um málaflokkinn, mati á umsókninni, innsendum athugasemdam almennings og hagsmunaaðila, álit ráðgjafarnefndar um erfðabreyttar lífverur og Náttúrufræðistofnunar Íslands sem eru lögbundnir umsagnaraðilar. Helstu þættir sem Umhverfisstofnun leggur mat á eru hugsanleg áhrif á lífríki, afmörkun sleppingar og siðferðileg álitaeftir.

Umhverfisstofnun hefur tvívegis áður veitt ORF Líftækni hf leyfi til útiræktunar á byggrykjum að fengnum jákvæðum umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Ráðgjafarnefndar um erfðabreyttar lífverur. Varðandi þessa nýju umsókn var Náttúrufræðistofnun jákvæð en Ráðgjafarnefndin ekki einhuga þar sem tveir af 7 nefndarmönnum skiluðu séráliti gegn leyfisveitingu. Í ljósi viðbragða almennings og álits ráðgjafarnefndarinnar má greina meiri andstöðu við leyfisveitingu til útiræktunar á byggrykjum en fyrir nokkrum árum þegar leyfi voru veitt.

Daginn eftir að ORF líftækni hf hafði fengið leyfi til útræktunar var sáð fyrir erfðabreyttu byggi á akri í Gunnarsholti. Þrátt fyrir að staðsetning akursins á Gunnarsholti ætti að vera ókunn almenningi var hann eyðilagður um miðjan ágúst. Umhverfisstofnun ákvað að flýta áformaðri eftirlitsferð vegna atburðarins. Þegar komið var á staðinn mátti sjá tætlur af varnarneti á við og dreif um tilraunareitinn og líklegt að netið hafði verið rífið til að komast að og eyðileggja byggræktina. Byggið virðist mest hafa verið höggvið niður og slitnið upp og lágu plöntuhlutar eftir. Samkvæmt gögnum eftirlitsaðila uppfyllti ræktunarsvæði öll skilyrði Umhverfisstofnunar varðandi skipulag og varnir með skjólbelti úr höfnum, varnarneti og virkri rafmagnsgirðingu. Í kjölfar eftirlitsferðarinnar minnti Umhverfisstofnun leyfishafa á að gengið væri vandlega frá svæðinu í samræmi við skilyrði leyfisins og var óskað eftir áætlun frá ORF um framkvæmd þess.

Umhverfisráðuneytinu barst stjórnsýslukæra dagsett 2. september 2009 frá Stefáni Geir Þórisssyni hrl., hjá Forum lögmönnum, f.h. Dýraverndarsambands Íslands, Matvæla- og veitingafélags Íslands, Náttúrufræðingafélags Íslands, Náttúruverndarsamtaka Suðurlands, Neytendasamtakanna, samtakanna Slow Food Reykjavík og Verndunar- og ræktunarfélags framleiðenda í lífrænum búskap. Í kærinni er þess krafist að ákvörðun Umhverfisstofnunar um leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi til handa fyrirtækinu ORF Líftækni hf verði ógilt og leyfið afturkallað. Kærumálið er í vinnslu hjá umhverfisráðuneytinu.

Fullt var út úr dyrum á opnum fundi Umhverfisstofnunar þar sem rædd var umsókn fyrirtækisins ORF Líftækni hf varðandi leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi

Helstu þættir sem Umhverfisstofnun leggur mat á eru hugsanleg áhrif á lífríki, afmörkun sleppingar og siðferðileg álitaeftir

Ljóst er að verulega skiptar skoðanir eru um hvort heimila eigi sleppingar erfðabreyttra lífvera á Íslandi



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

STUÐLA AÐ VERNDUN OG
SJÁLFBÆRRI NÝTINGU VILLTRA
DÝRASTOFNA



VILLTIR DÝRASTOFNAR



SERSTAKT LEYFI ÞARF TIL AÐ
HALDA DÝRASÝNINGAR OG
HALDA DÝRAGARÐA

Skil á veiðiskýrslum

Veiðikortakerfið hefur verið starfrækt frá árinu 1995

Allir sem hyggjast stunda veiðar á fuglum eða spendýrum þurfa veiðikort. Umhverfisstofnun annast sölu veiðikorta en veiðikortakerfið hefur verið starfrækt síðan 1995. Veiðimönnum sem fá veiðikort er skylt að skila inn veiðiskýrslu með upplýsingum um veiðar undangengins árs hvort sem þeir veiða eitthvað eða ekki. Eins þurfa veiðimenn að skila inn skýrslu þó þeir hyggist ekki sækja um veiðikort næsta ár. Árið 2008 var á Alþingi samþykkt lagabreyting þess efnis að þeir sem skila inn veiðiskýrslu eftir 1. apríl þurfa að greiða hærra gjald fyrir veiðikort sitt eða 5.000 kr. í stað 3.500 kr. Umhverfisstofnun kynnti þessar breytingar rækilega með auglýsingum í útvarpi, sjónvarpi, blöðum og á netinu. Þá var þeim veiðimönnum sem ekki höfðu skilað inn skýrslu um miðjan mars sendur tölvupóstur þar sem þeir voru minntir á að skila inn skýrslu sinni. 1. apríl höfðu 90,3% af þeim 10.431 veiðimanni sem voru með veiðikort 2008 skilað inn veiðiskýrslu og aðeins tæplega 700 manns þurftu að greiða hækkkað gjald. Markmiðið með breytingunni er að fá veiðitölur fyrir inn en fram að þessu hafa um 70% veiðimanna verið búnir að skila inn skýrslu sinni í upphafi veiðitímabils árið eftir. Nú er verið að vinna að því að gera veiðitölur aðgengilegri á netinu fyrir almenning en með þessum breytingum verður hægt að birta veiðitölur u.þ.b. sjö mánuðum fyrir en áður hefur verið mögulegt.

Dýravernd

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd dýraverndarlaga og tengdra reglugerða. Hlutverk stofnunarinnar er að gera tillögur til ráðherra um setningu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla á grundvelli dýraverndarlaga, að gefa út rekstrarleyfi fyrir starfsemi með dýr í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald og sjá til þess að samræmt eftirlit sé haft með slíkum rekstri og eftirfylgni vegna ábendinga um meinta illa meðferð á dýrum í samstarfi við héraðsdýralækna Matvælastofnunar. Þar að auki hvílir á Umhverfisstofnun sú ábyrgð að auka þekkingu á dýravernd meðal almennings. Stofnunin vinnur náið með Matvælastofnun sem hefur umsjón með þeim hluta dýraverndarmála sem snúa að búfé. Sameiginleg markmið Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar eru því að tryggja dýrum góðan aðbúnað og ábyrga meðferð.

Árið 2009 voru gefin út 12 leyfi vegna tímabundinna dýrasýninga og 3 rekstrarleyfi vegna dýrahalds í atvinnuskyni. Í leyfi vegna tímabundinna dýrasýninga eru tilgreindar þær tegundir og hámarksfjöldi dýra sem áætlað er að sýna, sem og ábyrgðarmaður sýningar og ábyrgðardýralæknir. Í leyfi vegna dýrahalds í atvinnuskyni eru tilgreindar þær tegundir og hámarksfjöldi dýra sem leyflegt er að halda, sýna eða veita þjónustu á vegum rekstraraðila, tegund starfsemi og ábyrgðaraðili rekstursins. Umhverfisstofnun ákvarðar gildistíma og endurskoðun leyfis eftir því sem við á. Heimilt er að

Hlutverk

Umhverfisstofnun hefur það hlutverk að úthluta hreindýraveiðileyfum til veiðimanna.



binda leyfi skilyrðum varðandi aðbúnað, umhirðu, viðhlítandi vistarverur og eftirlit með starfsemi. Leyfisskyldur rekstur telst m.a. gæludýraverslanir, gæludýrabú þar sem haldin eru sex eða fleiri gæludýr til undaneldis í atvinnuskyni, dýragarðar, dýragæsla þar sem dýra er gætt að staðaldri og þjálfunarskólar, t.d. hundahlýðniskólar. Einnig bærust þó nokkrar tilkynningar vegna meintrar, illrar meðferðar á dýrum sem Umhverfisstofnun fylgdi eftir í samstarfi við Matvælastofnun.

Í kjölfar svínaflensufaraldurs sem gekk yfir heiminn, þ.m.t. Ísland, hvatti Umhverfisstofnun gæludýraeigendur til að gera viðeigandi ráðstafanir vegna gæludýra sinna ef margt eða allt heimilisfólk veiktist samtímis.

CITES

CITES er samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, gerður í Washington 3. mars 1973.

Markmið samningsins er að vernda tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu með því að

stjórna alþjóðlegum viðskiptum með þær. Samningurinn gildir um verslun með tegundir eða afurðir um 5.000 dýrategunda og 25.000 plöntutegunda.

Umhverfisstofnun gaf út 17 CITES-leyfi vegna inn- og útflutnings tegunda eða afurða tegunda í útrýmingarhættu.



Hlutverk
Gangi ísbirnir á land hefur Umhverfisstofnun það hlutverk að bregðast við með viðeigandi hætti.

MINKAVEIÐIÁTAKINU
LAUK ÁRIÐ 2009
OG VINNA VIÐ
LOKASKÝRSLU ER
HAFIN

Minkaveiðiáttak

Árið 2007 gekk minkaveiði mjög vel, ekki síst í upphafi árs. Veiddir voru 353 minkar, 203 á Eyjafjarðarsvæðinu og 150 á Snæfellsnesi. Inni í tölunni frá Snæfellsnesi eru einnig minkar sem koma frá veiðimönnum sem veiða utan átaksverkefnisins. Um 65% voru veidd í gildrum sem er mun hærra hlutfall en almennt hefur verið þar sem hlutfall árin á undan var tæplega 30% að jafnaði.

Árið 2008 var veður óhagstæðara til veiða en árið á undan. Gildir voru undir snjó fram í apríl og því erfiðara með gildruveiðar. Veiddir voru 192 minkar, 56 á Eyjafjarðarsvæðinu og 136 á Snæfellsnesi. Hlutfall gildruveiða var sama og árið á undan.

Um 65% voru veidd í gildrum sem er mun hærra hlutfall en almennt hefur verið þar sem hlutfall árin á undan var tæplega 30% að jafnaði



Veidum verður haldið áfram á svæðunum til þess að viðhalda árangrinum á meðan lokaskýrslan er unnin

Árið 2009 var einnig erfitt fyrir gildruveiðar í Eyjafirði. Snjóalög voru enn óhagstæðari veiðum þennan veturinn á Norðurlandi en í fyrra. Gildirur komu því enn seinna undan snjó en hin árin. Það veiddust 45 minkar á Snæfellsnesi, þar af 29 í gildirur og 16 með hjálp hunda. Í Eyjafirði veiddust 32 minkar, og þar af aðeins 2 með hjálp hunda. Þróunin virðist vera sú sama í Eyjafirði árið 2009 eins og 2008, þ.e. að mjög fáir minkar veiðast og frekar á jaðri svæðisins. Það sama virðist einnig vera uppi á teningnum á Snæfellsnesi það sem af er, þ.e. færri minkar veiðast og einnig eru menn sammála að miklu minna hafi orðið vart við mink á nesinu veturinn 2009. Átakið er því vonandi að skila árangri eins og í Eyjafirði en árinu seinna.

Veidiátakinu lauk formlega þann 30. nóvember 2009. Verið er að vinna úr gögnum sem hafa komið sl. ár og undirbúa þá vinnu sem fer í hönd við samningu lokaskýrslu. Líffræðingarnir Páll Hersteinsson við Háskóla Íslands og Róbert Stefánsson frá Náttúrufræðistofu Vesturlands í Stykkishólmi voru fengnir til verksins. Ákveðið hefur verið að halda áfram veiðum á svæðunum tveimur árið 2010 til þess að viðhalda árangrinum af áttakinu á meðan verið er að vinna lokaskýrsluna og teknar verða ákvarðanir um framhaldið. Lögð verður áhersla á þau svæði sem líklegt þykir að minkar finnist og nærri jöðrum svæðanna til að hindra innstreymi minka á svæðin.

Mikil aðsókn á veiðikorta- og skotvopnanámskeið

Veruleg aukning varð í aðsókn á veiðikorta- og skotvopnanámskeið á árinu. Námskeiðin veita réttindi til þess að sækja um skotvopnaleyfi hjá lögreglunni og veiðikort hjá Umhverfisstofnun. Að jafnaði hafa 600-800 manns sótt þessi námskeið á hverju ári. Hinsvegar er um 59% aukningu að ræða árið 2009 frá árinu 2008 sem þó var metár. Alls sóttu 1285 manns skotvopnanámskeiðin og 1264 sóttu veiðikortanámskeiðin á síðastliðnu ári. Haldin voru 54 námskeið í 16 bæjarfélögum víðsvegar um landið. 26 veiðikortanámskeið og 28 skotvopnanámskeið. Skotvopnanámskeið er haldið á þremur dögum og veiðikortanámskeið á einum. Í sumum tilfellum voru námskeið haldin samtímis á fleiri en einum stað á landinu en alls fóru 110 kennsludagar í námskeiðin.

Ekki er hlaupið að því að finna skýringu á þessari aukningu í aðsókn á námskeiðin. Þau hafa tekið miklum breytingum á undanförunum árum með bættu kennsluefni og stöðlun kennslu á landsvísi. Aðgengi að upplýsingum um framkvæmd námskeiðanna er sömuleiðis aðgengilegra en áður með framsetningu á veraldarvefnum. Skráningar orðnar rafrænar og eftirfylgni þeirra meiri en áður. Er þar átt við að hafi einhver skráð sig á námskeið fær hann sendan tölvupóst með áminningu um tímasetningu námskeiða eða leiðbeiningum þar til námskeiði hefur verið lokið.


Hlutverk

Umhverfisstofnun afgreiðir árlega um 150 umsagnir varðandi umhverfisáhrif framkvæmda og skipulags.


ALLS SÓTTU 1285 MANNSS
SKOTVOPNANÁMSKEIÐIN OG 1264
VEIÐIKORTANÁMSKEIÐIN Á SÍÐASTLIÐNU
ÁRI. HALDIN VORU 54 NÁMSKEIÐ Í 16
BÆJARFÉLÖGUM VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ

Ein skýringin á aðsókninni á námskeiðin er að hlutfall kvenna hefur farið vaxandi. Fyrir sex árum var hlutfall kvenna innan við 5%. Á síðasta ári var hlutfallið að nálgast 9%. Þetta er í samræmi við hægfara fjölgun kvenna meðal veiðikorthafa. Árið 2004 var hlutfall kvenna meðal veiðikorthafa 1,84%, en á fimm árum hefur það hækkað í 2,79%. Ætla má að hlutfall kvenna komi til með að aukast á komandi árum ef þessi þróun heldur áfram. Önnur skýring sem leggur sitt af mörkum er að meðalaldur þeirra sem sækja námskeiðin hefur hækkað um tvö ár frá árinu 2004. Meðalaldurinn er 31 ár. Heimilt er að sækja um skotvopnaleyfi og veiðikort við tvítugt. Þessi „háí“ meðalaldur kemur því nokkuð á óvart.

AÐSÓKN Á SKOTVOPNA- OG VEIÐIKORTANÁMSKEIÐ



HLUTFALL KVENNA Á SKOTVOPNA- OG VEIÐIKORTANÁMSKEIÐUM



DAGUR LÍFFRÆÐILEGRAR FJÖLBREYTNÍ

Þann 22. maí var alþjóðlegur dagur líffræðilegrar fjölbreytni. Í tilefni þess birti Umhverfisstofnun upplýsingaefni um líffræðilega fjölbreytni á heimasiðu sinni. Að þessu sinni var lögð áhersla á ágengar framandi tegundir á degi líffræðilegrar fjölbreytni sem er ætlaður til þess að vekja athygli á þeim mikilvægu verðmætum sem felast í náttúru okkar og áhrifum framandi tegunda.

Líffræðileg fjölbreytni felur í sér alla fjölbreytni dýra, plantna og örvera, sem og fjölbreytni vistkerfa og erfðafræðilega fjölbreytni innan tegunda. Líffræðilegir

fjölbreytni jarðar fer hnignandi, margar tegundir hafa horfið á undanförunum áratugum og fjöldi tegunda og búsvæða er í útrýmingarhættu.

Framandi kallast þær tegundir sem hafa breiðst út utan náttúrulegra heimkynna sinna vegna mannlægs athæfis. Slíkar tegundir geta verið til vandræða ef þær eru í samkeppni við eða æxlast með tegundum sem fyrir eru eða lifa á þeim. Með útbreiðslu framandi tegunda er einnig hætt á útbreiðslu sjúkdóma og að vistkerfi og búsvæði riðlist á ýmsa vegu. Þegar náttúrulegir óvinir þeirra eru ekki lengur til staðar geta þær auðveldlega orðið ofan á í samkeppni við tegundirnar sem fyrir eru. Ágengar framandi tegundir

teljast vera önnur alvarlegasta ógnunin við líffræðilega fjölbreytni á hverjum stað, næst á eftir hnignun og uppskiptingu búsvæða.

Til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni hefur Umhverfisstofnun tekið þátt fyrir Íslands hönd í verkefninu Náttúra norðursins, horfur til 2010, sem er samnorrænt upplýsingaverkefni allra Norðurlandanna um líffræðilega fjölbreytni og kostað af Norrænu ráðherranefndinni. Markmið verkefnisins er að upplýsa um málefni er varða vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Þetta hefur verið gert með útgáfu samnorræna upplýsingablaða sem eru aðgengileg á heimasiðu Umhverfisstofnunar.



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

KYNNA RÉTT ALMENNINGS TIL AÐ
NJÓTA ÚTIVISTAR Í NÁTTÚRUNNI
OG MEÐ ÞVÍ BÆTA OG TRYGGJA
LÝÐHEILSU LANDSMANNA



ÚTIVIST OG BÆTT LÝÐHEILSA LANDSMANNA

Fjöldmenni á vísindavöku

W23 er samstarf fimm náttúrutengdra stofnana á Snæfellsnesi sem efla vilja náttúruvísindi og er Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull ein þeirra. Á árinu stóð W23 hópurinn fyrir vísindavöku í Ólafsvík. Margt skemmtilegt og forvitnilegt var þar að sjá. W23 kynnti rannsóknir sínar og aðra starfsemi fyrir ungum sem öldnum og voru gestir duglegir að prófa, skoða og spyrja. Mikla athygli og viðbrögð vöktu krufningar á æðarkollu, þorski og háfi en innan úr honum komu m.a. egg og seiði. Ævintýralegt smádyr sem skoða mátti í smásjá og tilbúinn árfarvegur í rennu drógu einnig til sín áhugasama gesti.

Í boði var að taka þátt í getraun og voru margir sem spreyttu sig á að aldursgreina mink, skarkola, hnísu og beitukóng. Tveir vinningshafar voru dregnir úr réttum svörum, þau Jana Hermannsdóttir og Gylfi Örvarsson og fengu þau bókina Ströndin í náttúru Íslands áritaða af höfundinum, Guðmundi Páli Ólafssyni, í verðlaun. Fiskiðjan Bylgja bauð upp á ljúffengan sandkóla og nemendur 9. bekkjar Grunnskóla Snæfellsbæjar sáu um kaffiveitingar.

Vísindavakan heppnaðist afar vel og ekki ólíklegt að hún hafi kveikt áhuga á náttúrufræðum hjá vísindamönnum framtíðarinnar.

Menning og náttúra tvinnuð saman

Í nóvember 2009 var opnuð ljóðasýningin Ljóð í náttúru sem er samstarfsverkefni Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og Sjávarrannsóknarsetursins Varar í Ólafsvík. Á vegum Þjóðgarðsins voru sett upp skilti með ljóðum á þrjá vita sem eru innan Þjóðgarðsins en fleiri skilti verða sett upp í sumar. Cýrus Danelíusson afhjúpaði skiltin við Öndverðarnesvita og börn úr 4. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar lásu upp ljóðin. Þess má til gamans geta að þegar Cýrus var á þeirra aldri hljóp hann tvisvar í viku út á Öndverðarnes frá Hellissandi til að sækja mjólk fyrir fjölskylduna. Vör efndi til ljóðasamkeppni meðal nemenda grunnskólans og var þemað sjór og sjávarlíf. Alls bárust 37 ljóð og valdi dómnefnd 8 úrvalsljóð og þar



Cýrus Danelíusson afhjúpaði ljóðaskiltið á Öndverðarnesvita og börn lásu upp ljóðin.



Æðarkolla krufin.



Hvað ætli háfurinn sé með uppi í sér?

af tvö framúrskarandi. Nemendur lásu upp ljóðin sín við opnun sýningarinnar í Vör við góðar undirtektir gesta. Ljóðin átta verða hluti af sýningu Varar og eiga nemendur þakkir skildar fyrir frábæra þátttöku í ljóðasamkeppninni og hrós fyrir sköpunargáfu sína.

Ljóðin tvö sem bera þóttu af eru svohljóðandi:

Hrár fiskur, steiktur fiskur,
soðinn fiskur, lifandi fiskur,
fiskur í raspi
og fiskur í sjó.

Sigurður Reynir Rúnarsson, 6. bekk



Sjávarsmádyr skoðuð.

Hafið mikla

Sjórinn fagri,
glampar,
þegar sólarljósið kemur.
Lýsir yfir hafið með
fögurum sólargeislum.
Hvíti mávurinn flýgur yfir
sjó og strendur,
í hafdjúpinu mikla eru
ótal stórir fiskar.

Azra Crnac, 7. bekk



Að mati dómnefndar áttu þessi átta ungskáld bestu ljóðin í samkeppninni.

AUKIN FRÆÐSLA Í ÞJÓÐGARÐINUM SNÆFELLSJÖKLI

Á árinu 2009 var unnið að tveimur viðamiklum bæklingum hjá Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Annars vegar var gefinn út nýr grunnbæklingur. Ákveðið var að sameina tvo eldri bæklinga í einn þannig að í bæklingnum er bæði fjallað um Þjóðgarðinn og friðuð svæði í nágrenni hans en þau eru friðlöndin Búdahraun, ströndin milli Arnarstapa og Hellna og náttúruvættið Bárðarlaus. Textinn var að stórum hluta unninn upp úr fyrri bæklingum en breytt eftir því sem þörf var á.

Einnig var gefinn út nýr bæklingur um gönguleiðir á svæðinu. Í honum er 35 gönguleiðum lýst lauslega og þær sýndar á korti. Greint er frá því hvað leiðirnar eru langar í kílómetrum

og göngutími áætlaður. Þá er erfiðleikastig þeirra flokkað í þrjá mismunandi flokka. Síðastliðinn vetur fór fram heilmikil umræða meðal nokkurra stofnana og félaga um hvernig flokka mætti gönguleiðir eftir því hve erfiðar þær þykja. Í bæklingnum eru leiðirnar flokkaðar samkvæmt niðurstöðu þeirrar vinnu. Auk bæklinganna tveggja var gefinn út lítill bæklingur um strandgöngur. Í honum er strönd Þjóðgarðsins skipt niður í stuttar leiðir. Notandinn getur hakað við þann spöl sem hann fer hverju sinni, skráð tíma og lengd og skrifað athugasemdir og hugleiðingar. Þannig getur hver og einn gengið alla strönd Þjóðgarðsins á sínum hraða og þegar honum hentar og skráð það í bæklinginn. Það er trú og von starfsfólks Þjóðgarðsins að nýju bæklingarnir auðveldi fólki að ferðast um Þjóðgarðinn og að hvetji fólk til að kynnast náttúru hans, fegurð og kyrrð í návígi.

Á vegum Þjóðgarðsins voru sett upp skilti með ljóðum á þrjá vita sem eru innan Þjóðgarðsins en fleiri skilti verða sett upp í sumar

Göngumenn hvíla lúin bein í Dritvík



Merkingar á friðlýstum svæðum

Á árinu var unnið að samstarfsverkefni milli Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs, Ferðamálastofu og Þingvallapjóðgarðs um að gera handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum. Markmiðið er að skapa heildstæða stefnu í merkingum og notkun táknmynda, minnka viðhald, einfalda uppsetningu og breytingar ásamt því að stuðla að skýrari upplýsingagjöf til ferðamanna. Handbókin á að vera með hagnýtum upplýsingum um hönnun, framleiðslu og uppsetningu skilta sem nýst geti staðarhöldurum, landvörðum og öðru fagfólki.

Í handbókinni verður tekið á notkun táknmynda, stærð og gerð leturs, uppsetningu texta, litanotkun, uppsetningu og framleiðslu. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir mismunandi möguleikum í efnisvali er skiltakerfið hugsað þannig að sömu aðferðir og verkfæri séu notaðar við uppsetningu og samsetningu skiltanna. Þá býður skiltakerfið upp á fjölbreytta möguleika í uppröðun upplýsingaskilta eftir aðstæðum.

Sjálfbóðaliðastörf í Friðlandi að Fjallabaki

Í fjölmörg ár hafa störf sjálfbóðaliða í Friðlandi að Fjallabaki verið skipulögð í samstarfi við Ferðafélag Íslands. Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar vinna á svæðinu með landvörðum og skálavörðum Ferðafélagsins og eru verkefni margvísleg, t.d. lagfæring og stikun gönguleiða. Sumarið 2009 var lögð áhersla á að bæta merkingar leiða en einnig að lagfæra göngubrýr og gönguleiðaskilti. Landmannalaugar er mikilvægur viðkomustaður annarra sjálfbóðaliðahópa á vegum Umhverfisstofnunar, t.d. þeirra sem starfa á gönguleiðinni milli Landmannalauga og Þórsmerkur sem og sjálfbóðaliða sem starfa í Eldgjá. Sjálfbóðaliðahópar sem starfa í friðlandinu dvelja þar í allt að 2 vikur í senn á tjaldsvæðinu og samanstendur hver hópur af fimm sjálfbóðaliðum. Einstök verkefni eru ákveðin af Umhverfisstofnun í samráði við Ferðafélag Íslands. Verkefnum er stýrt af stjórnanda sjálfbóðaliðahópsins en stjórnendur hafa hlotið þjálfun sem slíkir hjá Umhverfisstofnun.



Sjálfbóðaliðarnir koma frá Evrópu og Norður-Ameríku en flestir, eða 60% þátttakenda koma frá Bretlandseyjum

Sjálfbóðaliðarnir sem starfa í friðlandinu á sumrin eru hluti af alþjóðlegu sjálfbóðaliðaverkefni sem Umhverfisstofnun rekur á hverju sumri og stendur verkefnið yfir í 11 vikur árlega. Sjálfbóðaliðarnir koma frá Evrópu og Norður-Ameríku en flestir, eða 60% þátttakenda koma frá Bretlandseyjum. Sjálfbóðaliðar hefja störf sín í Skaftafelli þar sem fram fer vikulöng grunnþjálfun í stigagerð. Í framhaldinu flytjast þeir áfram milli mismunandi verkefna, sem flest eru þó unnin á friðlýstum svæðum. Sjálfbóðaliðar

greiða sjálfir fyrir ferð sína til og frá landinu en meðan á dvöl þeirra stendur er þeim séð fyrir mat, gistingu og ferðum milli svæða. Sjálfbóðaliðastörfin eru áhugaverð og gefandi, enda koma yfir 15% sjálfbóðaliða aftur til starfa.

AÐGENGI AÐ HELLUM

Hraunhellar finnast víðs vegar um landið og oft má finna í þeim dropasteinsmyndanir sem eru friðaðar. Reynslan hefur kennt okkur að í mörgum hellum hafa slíkar myndanir verið brotnar og eyðilagðar. Stundum er um óviljaverk að ræða en því miður virðist oft sem klár ásetningur liggja að baki. Í hraunflákum í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli er talsvert um hella. Áhugi hefur verið fyrir því að gera einhverja þeirra aðgengilega fyrir almenning og bjóða upp á fræðslu- og skoðunarferðir. Um leið væri aðgengi að hellunum stýrt og aðeins farið í þá með leiðsögn. Hugmyndin er sú að með því að hafa aðgengi gott að völdum hellum

og fræða fólk um gildi þeirra og sérstöðu aukist virðing manna fyrir þeim og áhugi vakni á verndun.


Síðastliðið haust hófst vinna við að gera einn hella Þjóðgarðsins, Vatnshelli, aðgengilegan. Ákveðið var að setja hringstiga niður að opi hellisins og tröppur áfram niður í hann. Árni B. Stefánsson, hellarannsóknamaður, og Hjörleifur Stefánsson, arkitekt, hafa haft veg og vanda að hugmyndavinnu og skipulagi verkefnisins en hópur manna í Snæfellsbæ hefur unnið ómetanlegt starf við hellinn í sjálfbóðavinnu. Gert er ráð fyrir að vinna við hellinn haldi áfram þegar snjóá leysir og að hægt verði að bjóða upp á ferðir niður í hann sumarið 2010.




UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

VISTKERFISNÁLGUN VERÐI BEITT
VIÐ HEILDSTÆÐA STJÓRNUN Á
UMHVERFI Í VATNI OG HAFI



MÁLEFNI HAFS OG VATNS



Vákort af norður-Atlantshafi

Í náinni framtíð er búist við auknum siglingum stórra skipa um norðurhöf í lögsögu Grænlands, Íslands, Færeyja og Noregs. Í fyrsta lagi eru þetta olíuflutningaskip sem flytja allt að 100.000 tonnum af hráolíu frá norðurströnd Rússlands vestur um haf til Ameríku. Í öðru lagi aukin umferð kaupskipa ýmiss konar, bæði vegna aukinnar iðnaðarstarfsemi á Íslandi og í fleiri norðlægum ríkjum og í tengslum við opnun siglingaleiða á heimskautasvæðum. Í þriðja lagi má nefna vaxandi hlut skemmtiferðaskipa á norðurslóðum, sum illa búin undir siglingar í og við hafis.

og ennfremur hefur verið safnað saman ýmsum náttúrufarsgögnum sem til eru og eru aðgengileg á veraldarvefnum eða með öðrum hætti.

Í undirbúningi er að opna vefsíðu með kynningu á verkefninu og ýmsum bakgrunnsupplýsingum á grænlensku, færeysku, íslensku, norsku, dönsku og ensku. Sjálft vefkortid sem er hryggjarstykkið í verkinu verður hins vegar á ensku og þar með er farin sú leið að mætast á miðri leið með tungumálið þar sem aðilar tala allir ensku.

TF-SIF og Alexander Hamilton

Árið 2009 fékk Landhelgisgæslan nýja eftirlits- og leitarflugvél, TF-Sif, og er hún búin margvíslegum búnaði til mengunareftirlits. Með komu TF-Sifjar hefur orðið gjörbylting á möguleikum til eftirlits, viðbúnaðar og viðbragða við mengun á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Í einu veffangi breytast aðstæður hér á landi frá því að vera áratugum á eftir sem eðlilegt þykir yfir í að hafa flugvél sem fyllilega stenst það sem best þekkist. Með SLAR-tæki vélarinnar (Side-Looking Airborne Radar) er hægt að greina olíumengun jafnt að nóttu sem degi og skyggni skiptir engu máli. Staðsetning, stærð og mat á magni er einföld, auk þess sem innrauð myndavél og myndbandsupptökuvél nýtast vel til gagnaöflunar. Ennfremur er um borð í flugvélinni sýnatökubúnaður sem hægt er að henda út á flugi og eykur það möguleika á að sanna uppruna olíumengunar í sjó.

Umhverfisstofnun er aðili að samstarfi Evrópuríkja um viðbúnað og viðbrögð við mengun sjávar frá skipum sem Siglingastofnun Evrópu (EMSA) heldur utan um. Meðal þess sem er innifalið í samstarfinu er ókeypis aðgengi að gervitunglamyndum til eftirlits með

menngun og verður hægt að samhæfa flug og eftirlit TF-Sifjar með töku gervitunglamynda og stórauka þannig það svæði sem eftirlit gæslunnar nær yfir. Gert er ráð fyrir því að notkun gervitunglamynda hefjist árið 2010.

Tækjakostur vélarinnar var ekki lengi að sanna gagnsemi sína því þegar í öðru æfinga- og könnunarflugi í byrjun júlí greindist olíuflekkur á Faxaflóa sem ósennilegt er að hefði verið uppgötvaður ella. Eftirgrennslan Landhelgisgæslunnar sýndi fram á að hér var leki frá bandaríska varðskipinu Alexander Hamilton sem sökk eftir árás þýskis kaþbáts í janúar 1942. Umhverfisstofnun og Landhelgisgæsla Íslands hafa fylgst með framvindu lekans frá flakinu sem liggur utan siglingaleiða á um 90 m dýpi en ekki hefur verið tekin ákvörðun um viðbúnað eða aðgerðir. Með vorinu 2010 verður lagt mat á stöðu mála og tillögur gerðar um næstu skref.

Alþjóðlegt samstarf um málefni hafsins

Mikilvægi hreins og ómengaðs hafs fyrir þjóðarhag Íslendinga verður seint ofmetið og málefni hafsins eru þeim afar hugleikin. Grundvöllur stefnu Íslands er að viðhalda heilbrigði hafsins og tryggja sjálfbæra nýtingu þess þannig að það geti áfram verið gjöful uppspretta heilnæmra afurða og verðmæta sem standi undir hagsæld þjóðarinnar.

Umfang hafsins er gríðarmikið og vegna eðlis þess er ljóst að ekkert eitt ríki getur haft áhrif á ástand þess. Straumar bera mengunarefni um alla jarðarkringluna og oft getur verið erfitt að greina uppruna mengunar. Hér má nefna sem dæmi mengun frá skipum en vel

er hægt að hugsa sér að skip sem er í eigu fyrirtækis í ríki A sé skráð í ríki B og í leigu hjá aðila í ríki C. Þetta skip flytji vöru fyrir aðila í ríki D frá ríki E um lögsögu ríkis F til ríkis G. Og hér var ekki rætt um þjóðerni skipstjóra eða áhafnar eða hvar varan á uppruna sinn eða endastöð.

Hnattræn sátt um að reglur um varnir gegn mengun hafsins og mengun frá skipum verður að ríkja á alþjóðavettvangi og með alþjóðlegum samningum. Í ljósi mikilvægis hafsins í hagkerfi Íslands og jafnframt smæðar landsins í losun mengandi efna, er mikilvægt að þátttöku Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi og hagsmunum þeirra sé haldið á lofti.

Íslendingar hafa lengi tekið virkan þátt í umfjöllun um málefni hafsins á erlendum vettvangi og voru í fararbroddi þeirra ríkja er stóðu að undirbúningi og gerð Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna. Þótt Ísland sé smáríki er það stórt þegar kemur að málefnum hafsins.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með alþjóðlegu samstarfi sem lýtur að mengun frá skipum, m.a. hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO), í samstarfi Evrópuríkja (EMSA) og milli Norðurlandanna. Á fundum umhverfisnefndar IMO (MEPC) er sífellt unnið að nýjum alþjóðlegum reglum um varnir gegn mengun frá skipum, yfirferð gildandi reglna og eftirlit með framgangi þeirra. Á vegum EMSA á sér stað margvíslegt samráð um umhverfismál skipa og undirbúningur vegna nýrra regla ESB þar um, en ekki síst hefur samstarf um eftirlit, viðbúnað og viðbrögð við mengun frá skipum nýst, þ.m.t. bráðamengun. Umhverfisstofnun reynir eftir megni að stunda þetta samstarf en lítill mannaflí og skortur á fé er mjög

Grundvöllur stefnu Íslands er að viðhalda heilbrigði hafsins og tryggja sjálfbæra nýtingu þess

Vinna við verkefnið hófst í febrúar 2009 og áætlað er að því ljúki á haustmánuðum 2010

Það er því mikilvægt að þessar þjóðir vinni saman að því að fylgjast með umferðinni og þróun hennar ásamt því að safna upplýsingum um hina viðkvæmu náttúru norðurslóða og undirbúa viðbrögð við mengun af völdum olíu og annarra efna. Í því skyni ákváðu Íslendingar að hlutast til um samstarfsverkefni framangreindra ríkja um vákort af Norður-Atlantshafi með upplýsingum um:

- Náttúrufar, viðkvæm og verðmæt svæði, lífríki, fiskveiðar og nýtingu, strauma og veðurfar
- Áhættuþætti, siglingar, olíuvinnslu og mengandi skipsflök
- Viðbragðsaðila, þ.e. hverjir geta brugðist við og hvernig, og staðsetningu búnaðar

Ríkisstjórn Íslands taldi þetta verkefni svo mikilvægt að það var tilnefnt sem flaggskip formennskuáætlunar Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2009 og var Umhverfisstofnun falið að hafa umsjón með því. Skipaður var stýrihópur fyrir verkefnið með fulltrúum frá ríkjum fjórum undir formennsku Kristjáns Geirssonar hjá Umhverfisstofnun.

Vinna við verkefnið hófst í febrúar 2009 og áætlað er að því ljúki á haustmánuðum 2010. Fyrstu stigum verkefnisins er lokið en það er m.a. fólgið í því að skoða önnur verkefni af svipuðum toga, safna þeim gögnum sem nú þegar eru aðgengileg og gætu nýst við verkefnið og ennfremur að skoða nýjustu tækni og lausnir við gerð vefkorta sem völ er á um þessar mundir. Mikið af grunngögnum hefur verið safnað

Með komu TF-Sifjar hefur orðið gjörbylting á möguleikum til eftirlits, viðbúnaðar og viðbragða við mengun á hafsvæðinu umhverfis Ísland

INNLEIÐING VATNATILSKIPUNAR EVRÓPUSAMBANDSINS KREFT ÞVERFAGLEGS SAMSTARFS MARGRA STOFNANA



Samkvæmt rammatilskipun ESB um hafid (Marine Framework Strategy) á skilgreining á góðu ástandi hafsins að liggja fyrir árið 2012

hamlandi í þessu sambandi. Er það mjög miður (hluti ferðakostnaðar er þó endurgreiddur) og reynslan hefur sýnt að sú þekking sem verður til skiptir sköpum í skipulegum viðbrögðum við mengunaróhöpp, m.a. í tengslum við strand Wilson Muuga árið 2006.

Kaupmannahafnarsamkomulagið um gagnkvæma aðstoð Norðurlandanna við mengunaróhöpp er ein af grunnstoðum viðbragðskerfis Íslands enda hefur Umhverfisstofnun fjarri því bolmagn til að hafa til reiðu allan nauðsynlegan búnað og mannskap ef kemur til stórra mengunaróhappa. Samstarfið er mjög virkt, með sameiginlegum æfingum og samráði um þróun og uppbyggingu viðbúnaðar og viðbragðsbúnaðar, og hefur stofnunin lagt nokkuð í að taka þátt í starfinu.

Þátttaka í OSPAR

Umhverfisstofnun hefur tekið þátt í vinnu undirnefnda samnings um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR). Annars vegar í nefnd um vöktun og mat á ástandi hafsins (Environmental Assessment and Monitoring Committee, ASMO) og hins vegar nefnd um iðnaðarstarfsemi á hafinu (Offshore Industry Committee, OIC). Þátttaka Umhverfisstofnunar í síðarnefndu nefndinni tengist undirbúningi stofnunarinnar vegna mögulegrar olíu- og/eða gasvinnslu á hafsvæðinu milli Íslands og Jan Mayen.

Á vegum OSPAR hefur verið unnið að gerð ástandsskýrslu, Quality Status Report 2010, í umsjón ASMO og kemur skýrslan út í tengslum við ráðherrafund OSPAR sem verður í Bergen í Noregi í september 2010. Í skýrslunni er fjallað um ástand þess hafsvæðis sem OSPAR nær yfir og eru tekin fyrir atriði

eins og efnamengun, næringarástand, geislavirkni, olíuiðnaður, áhrif loftlagsbreytinga og athafna mannsins, svo sem fiskveiðar og nýting hafsbotnsins.

Samkvæmt rammatilskipun ESB um hafid (Marine Framework Strategy) á skilgreining á góðu ástandi hafsins að liggja fyrir árið 2012 og mun skýrslan verða mikilvægt innlegg í þá umræðu. Einnig er ljóst að vinnan innan OSPAR næstu ár mun að verulegu leyti felast í að þróa aðferðir og velja þætti til mælinga í því skyni að fylgjast með þróun umhverfisins í hafinu og sjávarströndum, ekki síst til að meta hvaða áhrif þær aðgerðir sem gripið er til hafa á ástand umhverfisins.

Vistkerfisnálgun

Meginmarkmið vatnatilskipunar Evrópusambandsins (2000/60/EB) er að setja ramma um vernd yfirborðsvatns, grunnvatns, árosavatns og strandsjávar, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vistkerfa. Vatnatilskipunin á að tryggja sjálfbæra vatnsnotkun með verndun nytjavatns, bæta gæði vatns og koma í veg fyrir hnignun vatns, t.d. með því að dregið verði úr losun hættulegra efna í vatn. Tilskipunin á einnig að stuðla að aðgerðum gegn flöðum til þess að bæta ástand vatns og sjávar.

Vatnatilskipunin gerir ráð fyrir að í hverju landi verði stjórnkerfi vatnsmála þannig hagað að tekið verði heildstætt á málaflokknum, komið á samræmdu mats- og eftirlitskerfi með gæðum vatns, safnað verði upplýsingum um ástand umhverfis og gerð miðlæg greining á upplýsingum þar um, svo stjórnvöld fái nauðsynlegar upplýsingar til að taka ákvarðanir um skynsamlega og sjálfbæra stefnumörkun í vatnsmálum.

Með innleiðingu vatnatilskipunarinnar er vatnsstjórnun í Evrópu samþætt með því að flokka vatnasvið í heildir eftir landfræðilegum og vatnafræðilegum einingum sem kallast vatnshlot (enska: waterbody). Vatnatilskipuninni er ætlað að vernda vatnavistkerfi og tryggja almenningi aðkomu að skipulagningu vatnsmála. Löggjóf varðandi innleiðingu á vatnatilskipuninni er í vinnslu hjá umhverfisráðuneyti.

Samstarf um innleiðingu vatnatilskipunarinnar

Umhverfisstofnun leiðir samstarf stýrihóps forstjóra fimm lykilstofnana sem koma að innleiðingu vatnatilskipunarinnar, þ.e. Orkustofnunar, Veðurstofu, Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og Umhverfisstofnunar. Hlutverk stýrihópsins er að samræma starf þeirra stofnana og aðila sem koma að málefnum vatns og hafa hlutverki að gegna við innleiðingu tilskipunarinnar. Stýrihópurinn sér um að framkvæmd verði verkefni sem vatnatilskipunin kallar á. Stýrihópurinn kom í þessum tilgangi á fót fimm vinnuhópum sem hver um sig fékk afmarkað verkefni vegna gagnaöflunar fyrir stöðuskýrslu vegna innleiðingar tilskipunarinnar.

Í vinnuhópnum eru starfandi sérfræðingar frá ýmsum stofnunum, félögum og heilbrigðiseftirliti. Þessir vinnuhópar eru:

- a) Vinnuhópur um gagnaskil
- b) Vinnuhópur um álag á vatnshlot
- c) Vinnuhópur um manngerð og mikið breytt vatnshlot
- d) Vinnuhópur um vistkerfisflokkun
- e) Vinnuhópur um skilgreiningu vatnshlota

Vinnuhópur um gagnaskil hefur það meginhlutverk að fara yfir gagnablöð og flokka þau eftir fagsviðum, verkþáttum og raða í tímaröð með tilliti til skila. Vinnuhópurinn á jafnframt að taka afstöðu til þeirra skilgreininga sem eru forsendur verkþátta og upplýsa hina vinnuhópana um skyldur þeirra í ljósi reglugerða, gagnablaða og framsetningar gagna. Vinnuhópur um gagnaskil á að halda utan um gagnapakkan og tryggja samræmingu og tengsl gagna innbyrðis (GIS).

Vinnuhópur um álag hefur það meginhlutverk að safna upplýsingum um mengun frá punktuþtökum. Einnig skal hann meta mengun frá starfsemi í þéttbýli, iðnaði og landbúnaði eins og krafist er samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.

Vinnuhópur um manngerð og mikið breytt vatnshlot hefur það hlutverk að greina vatnshlot af þessu tagi. Hópurinn á að tilnefna og greina yfirborðsvatnshlot sem eru manngerð eða mikið breytt, ef breytingar eru á vatnsformfræðilegum eiginleikum og ef þessar breytingar hafa umtalsverð skaðleg áhrif á umhverfið í heild, s.s. siglingar, hafnaraðstöðu og afþreyingu. Enn fremur skal greina starfsemi sem felur í sér geymslu á vatni, s.s. drykkjarvatni, eða geymslu vegna orkuframleiðslu eða áveitna. Einnig skal hópurinn gera grein fyrir vatnsstjórnun, flóðavörnum, framræslu lands eða öðrum ámóta mikilvægum sjálfbærum umsvifum manna.

Hlutverk stýrihópsins er að samræma starf þeirra stofnana og aðila sem koma að málefnum vatns og hafa hlutverki að gegna við innleiðingu tilskipunarinnar

FLOKKA ÞARF ÖLL VATNASVIÐ Á LANDINU OG META ÁLAG Á VATNSHLOT



Vinnuhópur um vistfræðilega flokkun hefur það hlutverk að greina vistfræðilegt ástand vatna; yfirborðsvatns, þ.e.a.s. straumvatna, stöðuvatna, árósvatns, strandsjávar og manngerðra og mikið breyttra yfirborðsvatnshlota svo og grunnvatns. Gera skal tillögu að flokkun ástands yfirborðsvatns.

Vinnuhópur um skilgreiningu vatnshlota er að greina vötn í einingar sem eru mismunandi að gerð, eða verða fyrir mismunandi álagi. Greiningin á að byggja á landfræðilegum og vatnafræðilegum forsendum. Vinnuhópurinn skal gæta þess að sundurgreiningin sé nægilega ítarleg til þess að unnt sé að átta sig á vistfræðilegu ástandi vatnshlotsins. Slá má saman vatnshlotum til einföldunar og vinnusparnaðar.

Stöðufundur vatnatilskipunar

Stöðufundur stýrihóps og vinnuhópa var haldinn 19. maí 2009, og í tengslum við hann var skoskur sérfræðingur í vistkerfisflokkun boðinn til landsins og hélt hann fundi með stýrihóp og vinnuhópum þann 18. maí. Umhverfisstofnun og Veiðimálastofnun héldu opinn morgunverðarfund 19. maí þar sem sérfræðingurinn sagði frá reynslu Skota af innleiðingu vatnatilskipunarinnar.

Á stöðufundinum kom fram að til eru drög að flokkun á vatnasviðum, byggð á grunnvatni, yfirborðsvatni, landslagi, gróðurþekju og jarðfræði. Flokkunin var unnin á vegum Vatnamælinga Orkustofnunar, núverandi Veðurstofu Íslands. Vatnasviðakortið þarf að einfalda því það er of flókið eins og það lítur út nú. Gagnabankar um lífríki í yfirborðsvatni eru til hjá Háskóla Íslands,

Veiðimálastofnun og Náttúrufræðistofu Kópavogs. Búið er að gera vistfræðilega flokkun á tæplega 80 ám og 90 stöðuvötnum. Helst vantar upplýsingar um straumvötn á Snæfellsnesi og Austurlandi og upplýsingar vantar helst um vötn á Vestfjörðum en þau eru fá. Hafrannsóknastofnun á gríðarlega mikið af gögnum um efnafræði, vatnafræði, haffræði, plöntusvif, dýrasvif og fiska í strandsjó. Megnið af gögnunum er upplýsingar utan strandsvæðisins. Hjá Umhverfisstofnun eru til upplýsingar og nokkuð góð skrá yfir verndarsvæði sem er vel nothæf fyrir grófflokkun. Frá Samorku fengust þær upplýsingar að 98% neysluvatns er tekið úr grunnvatnsgeymum og ágætis upplýsingar eru fyrir hendi um það magn sem um ræðir. Til eru góðar upplýsingar um manngerð og mikið breytt vatnshlot sem Orkustofnun hefur haft veg og vanda af að taka saman. Búið er að skrá 176 slík svæði og 31 miðlunarlón. Gott yfirlit er til hjá Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga um mengunarálág á vötn og þar kemur fram að beint samhengi er á milli álags á vatnshlot og fjölda íbúa og umfangs starfsemi. Aðallega er um að ræða mengunar- og nýtingarálag á þremur svæðum; höfuðborgarsvæðinu, Eyjafirði og Austurlandi.

Málstofa um álag á vatnshlot

Málstofa um álag á vatnshlot var haldin á vegum Umhverfisstofnunar á Grand Hótelu 6. mars 2009. Málstofan var sjálfstætt framhald af ráðstefnu um innleiðingu vatnatilskipunar ESB frá 2008. Forstjóri Umhverfisstofnunar kynnti stöðu vinnu við innleiðingu vatnatilskipunarinnar, uppbyggingu samstarfs stofnana, afmörkuð verkefni og tímabrest



sem hafa þarf í huga vegna gagnaskila. Fulltrúar heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga kynntu uppsprettur mengunar, álag frá mengandi starfsemi, flokkun vatna, verndarsvæði, rannsóknir og vöktun sem á sér stað í héraði. Umhverfisstofnun fór yfir upplýsingar sem skila þarf í samræmdan evrópskan gagnagrunn um ástand vatna og vöktun á þörungainnihaldi krækings. Háskóli Íslands kynnti rannsóknaverkefni um TBT-mengun í sniglum á völdum stöðvum við landið. Þar kom fram að þrátt fyrir bann á notkun TBT í botnmálningu skipa mælist enn umtalsverð vansköpun á kynfærum snigla í sjó. Náttúrustofa Vestfjarða kynnti vöktun í strandsjó, sérstaklega með tilliti til fiskeldis og frárennslis, nýtingu sjávarstrauma til að marka staðsetningu útrása frárennslis í sjó og skilgreiningu vísitögunda til að

ákvarða ástand umhverfis. Matvælastofnun gerði grein fyrir neysluvatni sem matvælum og vöktun á því. Helstu álagsþættir á vatnsból eru áburðarnotkun og varnarefni, jarðskjálftar, vegagerð og iðnaður ýmis konar. Það kom fram að 80% neysluvatns á Íslandi er grunnvatn sem er með því hæsta sem þekkist í heiminum. Síðasta erindi málstofunnar var frá Íslenskum orkurannsóknnum, en þar var farið yfir vatnsauðlindina, álag á grunnvatn frá hitaveitum m.a., sagt frá gagnagrunni um vatnsból og vatnsverndarsvæði og loks var sýnt kort með dreifingu vatnsveita á landsvísu.

Búið er að skrá 176 manngerð og mikið breytt vatnshlot og 31 miðlunarlón

Helstu álagsþættir á vatnsból eru áburðarnotkun og varnarefni, jarðskjálftar, vegagerð og iðnaður ýmis konar

Vinnuhópur um skilgreiningu vatnshlota er að greina vötn í einingar sem eru mismunandi að gerð



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

STJÓRNSÝSLA STOFNUNARINNAR VERÐI SKÝR OG SKILVIRK






UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

UMHVERFISMERKINGAR LEIÐI INNKAUP ALMENNINGS OG FYRIRTÆKJA



UMHVERFISMERKINGAR

UMHVERFISMERKIÐ SVANURINN VAKTI MIKLA ATHYGLI Á ÁRINU OG 16 NÝJAR UMSÓKNIR BÁRUST UM SVANSLEYFI



Vistvæn innkaup geta minnkað kostnað og aukið gæði vöru og þjónustu

Vistvæn innkaup og græn nýsköpun

Ríkisstjórn Íslands samþykkti stefnu um vistvæn innkaup 13. mars 2009. Markmið stefnunnar er að minnka neikvæð umhverfisáhrif og þar með umhverfiskostnað vegna opinberra innkaupa. Einnig er þess vænst að stefnan muni leiða til þess að samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja batni þar sem þau muni þá þurfa að bjóða upp á umhverfisvænni valkosti en áður. Innkaupastefnan mun þannig leiða af sér nýsköpun. Vistvæn innkaup geta minnkað kostnað og aukið gæði vöru og þjónustu, samhliða því að

taka umhverfiskostnað með í reikninginn.

Innkaupastefna hins opinbera mun þannig að öllum líkindum auka framboð á vistvænum vörum og þjónustu sem getur nýst öllu samfélaginu.

Umhverfisstofnun mun innleiða vistvæna innkaupastefnu og verða fyrirmynd fyrir aðrar stofnanir og fyrirtæki. Stofnunin mun bjóða öðrum stofnunum aðstoð við innleiðingu stefnunnar. Unnið verður í samvinnu við

Ríkiskaup vegna þróunar viðmiða í rammasamninga. Loks mun Umhverfisstofnun miðla upplýsingum og bjóða upp á fræðslu til fyrirtækja.



Svanurinn, norræna umhverfismerkið

Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna sem byggir á óháðri vottun og viðmiðum sem taka tillit til alls lífsferils vöru og þjónustu. Tilgangur Svansins er að yta undir sjálfbæra þróun samfélagsins svo að komandi kynslóðir hafi jafna möguleika til að mæta þörfum sínum. Alls er hægt að votta 66 mismunandi vöru- og þjónustuflokka, þar á meðal þvottaefni, pappír, tölvur, hótél, veitingastaði, ræstipjónustu, vistvænt eldsneyti o.fl.

Í lok ársins voru fimm íslensk Svansleyfi í gildi, auk þess sem vítað er um 150 erlendar vörur á markaðnum. Mikill áhugi er meðal íslenskra fyrirtækja fyrir Svansvottun nú í kreppunni. Alls bárust Umhverfisstofnun 16 umsóknir á árinu. Ein af ástæðum þessa aukna áhuga fyrir vottun er vistvæn innkaupastefna ríkisins sem var innleidd vorið 2009. Stefnan hefur að leiðarljósi að minnka umhverfisáhrif opinberra innkaupa og bæta samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem þurfa að bjóða umhverfisvænni valkosti til að mæta kröfum ríkisins.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með Svaninum á Íslandi. Árið 2008 var tekin ákvörðun um eflingu merkisins og sýnir umfang starfseminnar í dag að vinnan hefur borið árangur. Markmiðið er að efla áhuga almennings, fyrirtækja og stofnana á umhverfismerktum vörum í samráði við atvinnulífið. Framtíðarsýn Svansins á Íslandi er að geta boðið Íslendingum gott úrval af innlendum Svansmerktum vörum og þjónustu.

Kynningarstarf Svansins

Meginmarkmið í kynningarstarfi Svansins árið 2009 var að stofna til góðs samstarfs við atvinnulífið og náðist það markmið. Einkum má nefna prentiðnaðinn og ræstingafyrirtæki sem sýndu mikinn áhuga fyrir Svansvottun og kom meirihluti umsókna frá þessum sviðum. Alls voru samskipti við um fimmtíu fyrirtæki á árinu. Haldinn var m.a. samstarfsfundur um kynningarmál Svansins með leyfishöfum og umsækjendum, vinnufundur fyrir prentsmiðjur og kynningarfundur fyrir hótél (á aðalfundi SAF). Greinilegt er að miklir möguleikar liggja í Svansvottun fyrir íslenska framleiðslu og þjónustu.

Svanurinn var víða kynntur árið 2009 eða um 20 kynningar á árinu ásamt fjölda funda í fyrirtækjum. Meðal annars má nefna Umhverfisþing, Staðardagskrár ráðstefnu, Græna daga Háskólans auk Svansmálstofunnar í febrúar. Gefinn var út kynningarbæklingur um Svaninn ásamt ísskápsslegli með helstu umhverfismerkjum. Einnig var Facebook-síða Svansins opnuð í lok ársins. Um 300 manns voru skráðir þar um áramót. Hafin var vinna í lok ársins 2009 til að undirbúa kynningarefni fyrir verslanir, m.a. hillumerkingar, standa o.fl.

Árið 2010 verður áherslan lögð á kynningu gagnvart neytendum og áframhaldandi gott samstarf við fyrirtæki. Auk þess verður áhersla lögð á kynningu meðal opinberra stofnana í samræmi við kynningu á vistvænni innkaupastefnu ríkisins.

Ræstingasvið ISS fær svansvottun

Á árinu náðist sá merki árangur að ræstingasvið ISS á Íslandi fékk vottun Svansins fyrir ræstingapjónustu sem fyrsta ISS-fyrirtækið á heimsvísu. Umhverfisráðherra veitti leyfið þann 20. nóvember.

Strangar kröfur Svansins tryggja að fyrirtækið er í fremstu röð hvað varðar lágmarkun neikvæðra

umhverfis- og heilsuáhrifa starfseminnar. Þau fela m.a. í sér takmarkanir hvað varðar efnanotkun, notkun umhverfismerkra hreinsiefna, bann við notkun efna sem eru skaðleg umhverfinu og heilsu fólks, ásamt áherslu á rétta skömmtun. Mengun vegna flutninga fyrirtækisins er lágmarkuð með kröfu um nýlegan bílafloata sem uppfyllir kröfu um útblástur. Lögð er áhersla á að lágmarka notkun plastpoka, flokka úrgang og velja umhverfismerktar vörur í innkaupum. Gæði ræstinga eru tryggð með reglulegri þjálfun og fræðslu starfsmanna ásamt ferlum til að fylgjast með gæðum þjónustunnar. Fyrirtækið þarf að uppfylla öll lög og reglugerðir sem eiga við starfsemina.

ISS Ísland er stærsta ræstingapjónustan á landinu. Viðskiptavinir fyrirtækisins á sviði ræstinga eru um 480 talsins svo um er að ræða stóran hóp sem nýtur góðs af Svansmerkingu ISS og hefur vottun því mikil áhrif í samfélaginu.

Umhverfismerkið Svanurinn 20 ára

Svanurinn varð 20 ára þann 6. nóvember 2009. Ákvörðun um stofnun merkisins var tekin af Norrænu ráðherranefndinni þann dag árið 1989. Svanurinn hefur náð ótrúlegum árangri á tuttugu árum og er leiðandi umhverfismerki á Norðurlöndum og víðar. Merkið er einnig eitt besta dæmið um vel heppnað norrænt samstarf. Árið 2010 verður afmælisár Svansins og verður afmælinu fagnað á Íslandi með sérstöku kynningarátaki um vorið ásamt fjölda nýrra leyfa.

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Heildarvelta Umhverfisstofnunar er samkvæmt uppgjöri fyrir árið 2009 um 990 milljónir króna. Sértekjur stofnunarinnar eru um 174,7 milljónir króna, markaðar tekjur eru um 150,5 milljónir króna og aðrar rekstrartekjur eru um 12,7 milljónir króna.


Gjöld stofnunarinnar skiptast þannig að laun og launatengd gjöld eru langstærsti kostnaðarliðurinn eða um 42,5%. Þar á eftir koma tilfærslur, um 16,3%, húsnæðiskostnaður, um 14,4%, og aðkeypt þjónusta sem var um 10,8%. Tilfærslur eru að langmestu leyti greiðslur til landeigenda vegna arðs af hreindýraveiðum og endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða.

Gjöldin hækka nokkuð milli ára og skýrist það m.a af greiðslum vegna hönnunar þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi, hækkunar á arðgreiðslum vegna veiddra hreindýra auk eignakaupa og aukinna framkvæmda á friðlýstum svæðum.


Geta ber þess að uppgjorið sýnir ekki raunsanna mynd af stöðu stofnunarinnar að því leyti að höfuðstóll sem fluttur er milli ára inniheldur m.a. gegnumstreymissjóði sem ekki hafði verið ráðstafað um áramót og ennfremur ýmis verkefni sem áttu ekki að hefjast fyrr en á árinu 2010 eða ekki náðist að ljúka á árinu 2009 og frestast því fram til ársins 2010. Má þar m.a. nefna 15 milljónir króna vegna undirbúnings byggingar gestastofu í Snæfellsjökulspjóðgarði, 20 milljónir króna vegna undirbúnings opunar Hornstrandastofu, 20 milljónir króna vegna undirbúnings opunar Látrastofu og 10 milljóna króna rekstrarafgangs vegna friðlandanna á Hornströndum og í Surtsey.

Á meðfylgjandi skífuriti má sjá skiptingu gjalda ársins 2009 á rekstrarliði Umhverfisstofnunar.

Velta 2004-2009



Rekstrarliðir



FJÁRMÁLA- OG REKSTRARSVIÐ

Fjármála- og rekstrarsvið sinnir öllum fjármálum og bókhaldi Umhverfisstofnunar. Meðal verkefna sem tengjast því er merking reikninga og uppáskriftir, innheimta sértekna, uppgjör og kostnaðarefirlit. Ennfremur má nefna innkaup, eignaumsýslu, kostnaðarmat á frumvörpum og reglugerðum og umsjón bankareikninga. Sviðið sinnir ennfremur

gæðamálum, skjalavörslu stofnunarinnar og tölvumálum. Þar að auki er öll ritarþjónusta og símavarsla á höndum starfsmanna sviðsins.

Á árinu 2009 var haldið áfram þeirri endurskoðun á framkvæmd fjármála stofnunarinnar sem hófst árið 2008 og hafa flestir verkferlar varðandi fjármál nú verið skráðir.



REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2009

TEKJUR: (þús.kr.)	2009	2008
Sértekjur	174.711	114.447
Markaðar tekjur	150.475	133.673
Aðrar rekstrartekjur	12.662	7.107
Tekjur samtals	337.848	255.227

GJÖLD:	2009	2008
Laun og launatengd gjöld	421.364	372.072
Ferða- og fundakostnaður	62.861	49.959
Rekstrarvörur	29.101	24.455
Aðkeypt þjónusta	107.127	96.635
Húsnæðiskostnaður	142.820	97.222
Bifreiðakostnaður	6.672	5.031
Tilfærslur	161.833	122.790
Rekstrargjöld samtals:	931.778	768.164

Eignakaup	53.768	9.892
Gjöld samtals	985.546	778.056
Fjármagnsgjöld	4.950	12.230
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir fjárheimild	652.648	535.059
Framlag ríkissjóðs	603.500	657.100
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	-49.213	122.041

Höfuðstóll í árslok	2009	2008
Fjárheimild flutt frá fyrra ári	176.138	54.097
Fjárheimild flutt yfir á næsta ár	126.926	176.139

Þess ber að geta að uppgjör rekstrarreiknings fyrir árið 2009 eins og það er sett fram sýnir ekki raunsanna mynd af fjárhagsstöðu Umhverfisstofnunar. Sjá skýringar í texta.



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri

Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri
sími 591 2000

Egilsstaðir

Tjarnarbraut 39
700 Egilsstöðum
sími 471 2964

Ísafjörður

Mánagötu 2
400 Ísafirði
sími 591 2000

Mývatn

Hraunvegji 8
660 Mývatni
sími 464 4460

Reykjavík

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
sími 591 2000

Snæfellsnes

Klettsbúð 7
360 Hellissandi
sími 436 6860

Vestmannaeyjar

Strandavegi 50
900 Vestmannaeyjum
sími 591 2000